

Samrunaskrá

- (1) Tilkynning þessi er tekin saman vegna kaupa Síldarvinnslunnar hf. („**SVN**“) á 50 % eignarhlut í sölufélaginu Ice Fresh Seafood ehf. („**IFS**“) með kaupum á hlutum af Samherja hf. („**Samherji**“) annars vegar og áskrift á nýútgefnu hlutafé í félaginu hins vegar (sameiginlega vísað til sem „**samrunaaðilar**“).
- (2) Samrunatilkynningin er lögð fram fyrir hönd SVN og Samherja þar sem aðilar öðlast sameiginleg yferráð yfir IFS við viðskiptin, sbr. 1. mgr. 11. gr. reglna nr. 1390/2020 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum.
- (3) Skránni er eingöngu ætlað að vera til afnota fyrir Samkeppniseftirlitið („**SE**“). Óskað er eftir því að farið verði með þær upplýsingar sem fara hér á eftir og eru innan hornklofa, sem trúnaðarmál, sbr. 17. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 2. mgr. 16. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005, þar sem um er að ræða viðkvæmar viðskiptaupplýsingar. Gögn sem bundin eru trúnaði eru einnig merkt sérstaklega.
- (4) Að mati aðila er fyrst og fremst um að ræða lóðréttan samruna þar sem IFS starfar við sölu og markaðssetningu þeirra afurða sem bæði Samherji og SVN framleiða, þ.e. íslenskar sjávarafurðir. Þannig telja aðilar að viðeigandi markaður vegna samrunans sé sala og markaðssetning á íslenskum sjávarafurðum. Rétt er þó að taka fram að IFS selur einnig aðrar sjávarafurðir en íslenskar. Langstærsti hluti afurða sem seldar eru í gegnum IFS fara á erlenda markaði eða um og yfir 98 %. Þannig hafa umrædd viðskipti lítil sem engin áhrif á markaðsgerð á Íslandi. Engin markaðsráðandi staða er fyrir hendi og verður ekki til við viðskiptin og ekki verður séð að samkeppni raskist að neinu leyti á einhverjum mörkuðum á Íslandi.
- (5) Þessi samrunaskrá er tekin saman í samræmi við 5. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga og reglur SE um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum nr. 1390/2020 og viðauka I við þær reglur. Samrunaaðilar höfðu áður sent inn styttri tilkynningu þann 3. nóvember 2023 en með heimild í 2. mgr. 17. gr. d samkeppnislaga gerði SE kröfu um að tilkynnt yrði um samrunann með lengri tilkynningu. Allar upplýsingar sem veittar eru í þessari skrá eru réttar og fullnægjandi eftir bestu vitund forráðamanna samrunaaðila. Kaflaskipting samrunaskrárinnar tekur mið af viðauka I við reglur nr. 1390/2020 eftir því sem við á.
- (6) Tengiliður samrunaaðila vegna málsmeðferðar þessarar er Eyvindur Sólnes, lögmaður, eyvindur@lex.is, LEX, Borgartúni 26 í Reykjavík, sími 590 2600, sbr. umboð á **fskj. 1 og 2**.
- (7) Samrunagjald að fjárhæð 500.000 krónur hefur verið greitt.

Efnisyfirlit

1	Stutt lýsing samruna	4
1.1	Almennt.....	4
2	Grunnupplýsingar um samrunaaðila	6
2.1	Heiti og pósthfang.....	6
2.2	Um SVN.....	6
2.3	Um Samherja hf.....	7
2.4	Um Ice Fresh Seafood ehf.....	9
3	Upplýsingar um samrunann	10
3.1	Aðdragandi samrunans	10
3.2	Tilgangur og markmið samrunans	10
3.3	Eðli samrunans	10
3.4	Atvinnuvegir sem samruninn nær til	11
3.5	Kaupverð	11
3.6	Velta.....	12
3.7	Mögulegur ávinningur, samlegðaráhrif og viðskiptalegar forsendur.....	12
4	Eignarhald og yferráð	14
4.1	Fyrirtæki eða einstaklingar sem ráða yfir samrunaaðilum	14
4.2	Fyrirtæki undir yferráðum samrunaaðila	14
4.3	Formlegt eða óformlegt samstarf við fyrirtæki á sama eða tengdum mörkuðum	14
5	Persónuleg og fjárhagsleg tengsl og fyrri yfirtökur	16
5.1	Fyrirtæki á mörkuðum þar sem áhrifa gætir þar sem samrunaaðilar eiga yfir 10% atkvæðisréttar eða hlutafjár	16
5.2	Einstaklingar sem eiga sæti í stjórn annars fyrirtækis á mörkuðum þar sem áhrifa gætir	16
5.2.1	SVN.....	16
5.2.2	Samherji.....	17
5.3	Yfirtökur á síðustu þremur árum	17
6	Skilgreiningar á mörkuðum	18
6.1	Almennt.....	18
6.2	Sala- og markaðsstarfsemi á íslenskum sjávarafurðum.....	21
6.2.1	Almennt um aðila á markaði.....	21
6.2.2	Markaðshlutdeild.....	23
6.3	Sala sjávarafurða á innanlandsmarkað	25
6.3.1	Sala á fiskmarkaði	25
6.3.2	Önnur sala innanlands.....	26
6.4	Veiðar og vinnsla sjávarafurða á Íslandi.....	27
6.4.1	Botnfiskveiðar og vinnsla	27
6.4.2	Uppsjávarveiðar og vinnsla	30
6.5	Eðli og umfang lóðréttrar samþættingar	32
6.6	Sundurliðun á heildartekjum	32
6.6.1	IFS	32
6.6.2	SVN.....	33
6.6.3	Samherji.....	33
6.7	Helstu kostnaðarliðir og kostnaðaruppygging samrunaaðila.....	34
6.7.1	IFS	34
6.7.2	SVN.....	35
6.7.3	Samherji.....	35
7	Almenn skilyrði á mörkuðum þar sem áhrifa gætir	37
7.1	Fimm stærstu birgjar.....	37

7.1.1	<i>Hvernig er framboði háttað á mörkuðum</i>	38
7.2	Tíu stærstu viðskiptavinir	38
7.2.1	<i>IFS</i>	38
7.2.2	<i>Samherji</i>	39
7.2.3	<i>SVN</i>	39
7.3	Eftirspurn á mörkuðum	39
7.3.1	<i>Þróun markaðarins</i>	39
7.4	Markaðsaðgangur	39
7.5	Rannsóknir og þróun	40
7.6	Atvinnugreinasamtök	41
8	Áhrif á neytendur og milliliði	42
9	Fylgiskjöl	44
10	Yfirlýsing	46

1 Stutt lýsing samruna

1.1 Almennt

- (8) Fyrirhugaðar samruni felur það í sér að SVN kaupir hlutafé í IFS af Samherja en auk þess kaupir SVN nýútgefið hlutafé þannig að eftir hlutafjárhækkun verði eignarhlutur SVN í félaginu alls 50 %.
- (9) Kaupsamningur um ofangreind kaup var undirritaður þann 26. september sl. með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins og fullnægjandi áreiðanleikakönnun (**fskj. 3**). Einnig var undirritað hluthafasamkomulag sem tekur gildi gangi viðskiptin eftir (**fskj. 4**).
- (10) Meðfylgjandi er fréttatilkynning sem send var út í kjölfar viðskiptanna (**fskj. 5**) þann 26. september sl. Fram kemur í tilkynningunni að kaupin séu gerð í kjölfar viðræðna sem tilkynnt var um í lok mars á þessu ári. Viðskiptin felast annars vegar í kaupum á núverandi hlutum af Samherja fyrir 10,7 milljónir evra, og hins vegar útgáfu nýs hlutafjár í IFS að fjárhæð 21,5 milljónir evra. Heildarvirði IFS verður 64,4 milljónir evra eftir hlutafjárukninguna og fjárfesting SVN nemur þannig alls 32,2 milljónum evra.
- (11) Skilyrði er samkvæmt kaupsamningi að IFS gangi frá kaupum á eignarhlutum í erlendum sölufélögum sem fyrirtækið hefur átt í farsælu viðskiptasambandi við undanfarin ár. Um er að ræða helmingshlut í Seagold Ltd. í Bretlandi, 100 % eignarhlut í Ice Fresh Seafood SAS í Frakklandi, 67 % hlutafjár í Ice Fresh Seafood Spain S.L. á Spáni og helmingshlut í Aquanor Marketing Inc. í Bandaríkjunum fyrir samtals 13,9 milljónir evra.
- (12) Þá er skilyrði kaupsamnings að IFS gangi frá kaupum á helmingshlut í sölufélaginu 2014 Cabo Norte S.A. á Spáni af SVN fyrir 4,9 milljónir evra og Pytheas Seafood á Grikklandi.
- (13) Til viðbótar við ofangreint eru kaupin gerð með fyrirvara um samþykki SE og að niðurstöður áreiðanleikakannanna séu fullnægjandi að mati kaupanda varðandi IFS og félög sem nefnd eru í lið 11 og að mati seljanda varðandi félög sem nefnd eru í lið 12.
- (14) Að mati aðila er fyrst og fremst um að ræða lóðréttan samruna þar sem IFS starfar við sölu og markaðssetningu þeirra afurða sem bæði Samherji og SVN framleiða, þ.e. íslenskar sjávarafurðir. Þannig telja aðilar að viðeigandi markaður vegna samrunans sé sala og markaðssetning á íslenskum sjávarafurðum. Langstærsti hluti afurða sem seldar eru í gegnum IFS fara á erlenda markaði eða um og yfir 98 %. Þannig hafa umrædd viðskipti lítil sem engin áhrif á markaðsgerð á Íslandi en þó verður í samrunaskránni reynt að greina markað á Íslandi eftir því sem unnt er.

Þar sem bæði Samherji og SVN starfa á sömu mörkuðum, þ.e. við veiðar og vinnslu sjávarafurða verður einnig farið yfir þá markaði enda þótt samrunaaðilar telji samruna ekki muni hafa nein áhrif á umrædda markaði. .

Má segja að samruninn geti einnig haft lárétt áhrif varðandi þær afurðir sem SVN hefur sjálft séð um sölu á. SVN er ekki með eiginlega sölustarfsemi og hefur því selt langmest af afurðum sínum í gegnum sölufélög eins og IFS. Þær afurðir sem fara ekki í gegnum önnur sölufélög eru aðallega sölur beint í gáma frá skipum Bergs og Bergs – Hugins en einnig getur verið um tilfallandi sölur að ræða. Einnig hefur Vísir verið með söludeild,

aðallega vegna sölu á saltfiski. Auk þess selur SVN fiskimjöli og lýsi í gegnum erlenda umboðsaðila en starfsmaður IFS hefur þó umsjón með sölu gegn fastri þóknun. Það má því segja að samruni sé aðallega lóðréttur en einnig að nokkru leyti láréttur hvað þetta varðar. Í nánast öllum tilfellum er þó eins og áður segir um að ræða sölu á erlenda markaði.

Engin markaðsráðandi staða er fyrir hendi á viðkomandi mörkuðum og verður ekki til við viðskiptin og ekki verður séð að samkeppni raskist að neinu leyti á einhverjum mörkuðum á Íslandi.

2 Grunnupplýsingar um samrunaaðila

2.1 Heiti og póstfang

(15) Aðilar að viðskiptunum eru:

- Kaupandi: Síldarvinnslan hf., kt. 570269-7479, Hafnarbraut 6, 740 Neskaupstað
- Seljandi: Samherji hf., kt. 610297-3079, Glerárgötu 30, 600 Akureyri
- Hið selda félag: Ice Fresh Seafood ehf., kt. 700107-1590, Glerárgötu 30, 600 Akureyri

2.2 Um SVN

(16) SVN er eitt af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins og er helsti framleiðandi uppsjávarafurða á Íslandi. Félagið er skráð í Kauphöll Íslands og eru hluthafar rúmlega fjögur þúsund talsins. Á síðasta ári voru ársverk samtals um 390. Ársveltan 2022 var tæplega 42 milljarðar króna og hagnaður um 10 milljarðar króna. Höfuðstöðvar félagsins eru í Neskaupstað (**fskj. 6**). 20 stærstu hluthafar voru með eftirfarandi hætti, þann 30. desember sl.:

Samherji hf.	30.06 %
Kjálkanes ehf.	16.06 %
Gildi – lífeyrissjóður	10.56 %
SÚN	10.10 %
Snæfugl ehf.	3.49 %
LIVE	3.00 %
Stapi lífeyrissjóður	2.84 %
Brú	1.55 %
Festa - lífeyrissjóður	1.48 %
Almenni	1.32 %
Stíníta ehf.	1.26 %
LSR	1,22 %
Brady ehf.	1,13 %
Margrét Pálsdóttir	1.10 %
Snæból ehf.	1.08 %
Ljóshaf ehf.	1.00 %
Hraunlón ehf.	0.94 %
OÚN	0.77 %
Dorg ehf.	0.67 %
Sjóvá	0.58 %

(17) Dótturfélög í samstæðu SVN eru Vísir ehf., Bergur-Huginn ehf. og Bergur ehf., sem gera út fiskveiðiskip, Fóðurverksmiðjan Laxá ehf. sem stundar rekstur fóðurverksmiðju og Fjárfestingafélagið Vör ehf.¹

(18) SVN á og rekur fjögur uppsjávarveiðiskip, þ.e. Beiti NK, Börk NK, Barða NK og Bjarna Ólafsson AK. Félagið á síðan og rekur bolfiskveiðiskipin Blæng NK og Gullver NS, en auk þess eiga dótturfélögin Bergur-Huginn ehf. og Bergur ehf. sitt hvort bolfiskveiðiskipið, þ.e. Vestmannaey VE og Berg VE.

¹ Sjá nánar yfirlit yfir dóttur – og hlutdeildarfélag SVN í fskj. nr. 27

- (19) Dótturfélagið Vísir ehf. er með höfuðstöðvar í Grindavík. Félagið gerir út fjögur skip í aflamarskerfinu og tvo báta í krókaafmarki. Vísir ehf. rekur einnig saltfiskvinnslu og hátækni bolffiskvinnslu í Grindavík, auk þess að eiga erlend dótturfélög. Ársverk á árinu 2022 voru um 250.
- (20) Dótturfélög Vísis hf. sem eru í sjávarútvegi eru Sjávarmál ehf., Haustak ehf. og Samvís ehf. sem er eigandi Deutsche Salzfisch-Union GmbH í Þýskalandi. Félagið á svo einnig félögin MAR Guesthouse ehf., Þorvís ehf., sem á Pytheas saltfiskvinnslu í Grikklandi, Vísi GmbH, eignarhaldsfélag í Þýskalandi og 50 % hlut í Cabo Norte 2014 S.A. á Spáni.
- (21) SVN er stærsti framleiðandi landsins á uppsjávarafurðum og rekur í dag tvær fiskimjolsverksmiðjur, í Neskaupstað og á Seyðisfirði. Auk þess rekur fyrirtækið hátækni fiskiðjuver í Neskaupstað og þar eru einnig stærstu frystigeymslur á landinu.
- (22) Samkeppniseftirlitið hefur greinargóða þekkingu á Síldarvinnslunni hf., starfsemi félagsins og þeim mörkuðum sem félagið starfar á. Sjá í því samhengi t.d. ákvarðanir í málum nr. 2/2021 (samruni Bergs Hugins ehf. og Bergs ehf.), 25/2016 (samruni Síldarvinnslunnar hf. og Runólfs Hallfreðssonar ehf.), 32/2014 (samruni Síldarvinnslunnar hf. og Gullbergs og Brimbergs ehf.), 10/2013 (samruni Síldarvinnslunnar hf. og Bergs-Hugins ehf.) og 28/2022 (samruni Síldarvinnslunnar og Vísis).
- (23) Stjórn SVN er í dag skipuð þeim Þorsteini Má Baldvinsyni, stjórnarformanni, Önnu Guðmundsdóttur, Baldri Má Helgasyni, Erlu Ósk Wissler Pétursdóttur og Guðmundi Rafnkeli Gíslasyni. Varamenn í stjórn eru þau Arna Bryndís Baldvins McClure og Ingi Jóhann Guðmundsson. Forstjóri SVN er Gunnþór Björn Ingvason. – Engin stjórnarmanna ræður yfir samrunaaðilum eða öðrum sjávarútvegsfélögum. Ekki verður séð að kallað sé sérstaklega eftir upplýsingum um eignarhluti stjórnarmanna í öðrum félögum nema mögulega um sé að ræða meira en 10 % hlut. Engu að síður skal upplýst að Þorsteinn Már Baldvinsson á 2,1 % hlut í K & B ehf. sem á 45,18 % hlut í Samherja hf. Anna Guðmundsdóttir á 21,89 % hlut í útgerðarfélaginu Gjögri ehf., Erla Ósk Wissler Pétursdóttir á 2.145.923 hluti í SVN sem nemur um 0,1 %. Guðmundur Rafnkell Gíslason er framkvæmdastjóri SÚN sem á 10,10 % hlut í SVN. Ingi Jóhann Guðmundsson á síðan 21,89 % hlut í útgerðarfélaginu Gjögri.
- (24) Nánari upplýsingar um SVN má nálgast á heimasíðu félagsins <https://www.svn.is/>.

2.3 Um Samherja hf.

- (25) Samherji hf. er alþjóðlegt sjávarútvegsfyrirtæki, með heimilisfesti á Akureyri og fer félagið með yfirráð yfir fjölda dótturfélaga. Eru dótturfélögin listuð í lið 24 á bls. 26 í ársreikningi Samherja hf. fyrir árið 2022² (sjá **fskj. 7**).
- (26) Auk dótturfélagsins IFS er um að ræða útgerðarfélögin Samherji Ísland ehf. og Útgerðarfélag Akureyringa ehf. en samkvæmt fréttatilkynningu dags. 13. september sl.,³ hefur verið ákveðið að sameina félögin undir nafni og kennitölu Samherja Ísland ehf. Útgerðarfélag Akureyringa ehf. á fiskiskipin Kaldbak og Harðbak auk fiskvinnslu á

² Sjá yfirlit yfir dóttur- og hlutdeildarfélög Samherja hf. í **fskj. nr. 28**

³ <https://www.samherji.is/is/frettir/tvo-dotturfelag-samherja-hf-sameinast>.

Akureyri. Samherji Ísland ehf. rekur fiskvinnslu á Dalvík og gerir út þrjú ísfiskskip, frystitogara og tvö uppsjávarskip.

- (27) Samherji fiskeldi ehf. rekur svo landeldi víða um land, m.a. klakfiskastöð að Sigtúnum í Öxarfirði, eina klakstöð fyrir hrogn að Núpum í Ölfusi, þrjár seiðastöðvar og tvær áframeldisstöðvar fyrir bleikju, aðra á Stað við Grindavík og hina að Vatnsleysuströnd. Einnig rekur fyrirtækið eina strandeldistöð fyrir lax að Núpsmýri í Öxarfirði. Til að vinna afurðir frá eldinu eru starfræktar tvær vinnslur, önnur í Öxarfirði þar sem laxi er slátrað og pakkað og síðan fullkomin hátæknivinnsla í Sandgerði þar sem bleikju er slátrað og hún unnin í fjölbreyttar neytandaumbúðir. Félagið vinnur svo að að uppbyggingu nýrrar landeldistöðvar í Auðlindagarði HS Orku á Reykjanesi þar sem miðað er við að framleiðsla verði um 40 þúsund tonn af laxi á ári.
- (28) Samherji hf. er stærsti hluthafinn í SVN með 30,06 % hlut og er SVN því eitt af hlutdeildarfélagum Samherja. Þorsteinn Már Baldvinsson, stjórnarformaður SVN, er jafnframt forstjóri Samherja hf. og með vísan til ákvæða laga og starfsreglna stjórnar vék Þorsteinn Már sæti innan stjórnar SVN við meðferð málsins og kom ekki að ákvörðunartöku vegna þess hjá SVN.
- (29) Tíu stærstu hluthafar Samherja hf. í árslok 2023 voru:

K&B ehf.	45,18 %
Samherji hf.	9,68 % ⁴
Dagný Linda Kristjánsdóttir	8,67 %
Katrín Kristjánsdóttir	8,67 %
Kristján Bjarni Kristjánsson	8,67 %
Halldór Örn Kristjánsson	8,67 %
Anders ehf.	7,7 %
Kolbrún Ingólfssdóttir	1,16 %
Kristján V. Vilhelmsson	1,14 %
Rakel Olsen	0,33 %

- (30) Stjórn Samherja er skipuð þeim Baldvin Þorsteinssyni, stjórnarformanni, Ástu Dís Óladóttur, Dagný Lindu Kristjánsdóttur, Kristjáni Vilhelmssyni og Óskari Magnússyni. Forstjóri félagsins er eins og áður segir Þorsteinn Már Baldvinsson. Engin stjórnarmanna ræður yfir samrunaaðilum eða öðrum sjávarútvegsfélagum. Ekki verður séð að kallað sé sérstaklega eftir upplýsingum um eignarhluti stjórnarmanna í öðrum félagum nema mögulega um sé að ræða meira en 10 % hlut viðkomandi. Þannig skal upplýst að Baldvin Þorsteinsson á 49 % hlut í félaginu K & B ehf. sem á 45,18 % hlut í Samherja hf. (50,02 % að frádregnum eigin hlutum). Hann á því óbeint 22,14 % (24,51 % að frádregnum eigin hlutum) hlut í Samherja hf. Dagný Linda Kristjánsdóttir á 10,6 % (11,73 % að frádregnum eigin hlutum) hlut í Samherja hf., annars vegar beint og hins vegar óbeint í gegnum eignarhald í Anders ehf. Kristján Vilhelmsson á 1,1 % hlut í Samherja hf. Eins og áður segir á Þorsteinn Már Baldvinsson 2 % hlut í K & B ehf. sem á 45,18 % hlut í Samherja hf. en einnig á Þorsteinn Már um 0,14 % hlut beint í Samherja hf.

⁴ Samkvæmt ársreikningi Blika ehf. fyrir árið 2022 seldi félagið alla hluti sína í Samherja hf. í júní 2023 til Samherja hf., sjá fskj. nr. 29 (ársreikningur Blika ehf. 2022)

- (31) Heildarvelta samstæðu Samherja hf. vegna sölu afurða árið 2022 nam um 54 milljörðum króna.
- (32) Nánari upplýsingar um Samherja má nálgast á heimasíðu félagsins <https://www.samherji.is>.

2.4 Um Ice Fresh Seafood ehf.

- (33) IFS er dótturfyrirtæki Samherja hf. en félagið var stofnað árið 2007 til að selja og markaðssetja afurðir Samherja hf. á alþjóðlegum mörkuðum. Félagið selur í dag mest af afurðum fyrir móðurfélagið Samherja hf. en einnig töluvert magn afurða fyrir Öldu Seafood, SVN og Vísi. Félagið selur nánast eingöngu afurðir á erlenda markaði.
- (34) Líkt og fram kemur í kaupsamningi er eitt af skilyrðum samningsins að IFS gangi frá kaupum á eignarhlutum í erlendum sölufélögum sem fyrirtækið hefur átt í farsælu viðskiptasambandi við undanfarin ár. Um er að ræða helmingshlut í Seagold Ltd. í Bretlandi, 100 % eignarhlut í Ice Fresh Seafood SAS í Frakklandi, 67 % hlutafjár í Ice Fresh Seafood Spain S.L. á Spáni og helmingshlut í Aquanor Marketing Inc. í Bandaríkjunum. Umrædd félög eru sölu- og markaðsfyrirtæki fyrir íslenskar og erlendar sjávarafurðir í viðkomandi löndum. Jafnframt er fyrirvari um að IFS gangi frá kaupum á eignarhlut í Cabo Norte S.A. sem er sölu- og markaðsfyrirtæki á Spáni sem sérhæfir sig í sölu og markaðssetningu saltfiskafurða en eignarhluturinn er í eigu Vísis ehf. Einnig er fyrirvari um að IFS eignist eignarhlut Vísis ehf. í Pytheas Seafood P.C. sem selur saltfisk í Grikklandi.
- (35) Stjórn IFS er skipuð Eiríki S. Jóhannssyni, Ástu Dís Óladóttur, Dagný Lindu Kristjánsdóttur, Kristjáni V. Vilhelmssyni og Óskari Magnússyni, en framkvæmdastjóri er Gústaf Baldvinsson. Engin stjórnarmanna ræður yfir samrunaaðilum eða öðrum sjávarútvegsfélögum. Ekki verður séð að kallað sé sérstaklega eftir upplýsingum um eignarhluti stjórnarmanna í öðrum félögum nema mögulega um sé að ræða meira en 10 % hlut viðkomandi. Eins og áður segir á Dagný Linda Kristjánsdóttir 10,6 % hlut og Kristján Vilhelmsson 1,1 % hlut í Samherja hf. Heildarvelta IFS vegna sölu afurða árið 2022 nam um 49 milljörðum króna (**sjá fskj. 8**).
- (36) Nánari upplýsingar um IFS má nálgast á heimasíðu félagsins <https://www.icefresh.is/>.

3 Upplýsingar um samrunann

3.1 Aðdragandi samrunans

- (38) Þann 29. mars 2023 tilkynnti SVN að stjórn félagsins hefði samþykkt að hefja viðræður við Samherja um kaup á helmingshlut í IFS (**sjá fskj. 9**). Kom fram að stjórnin teldi það rökrétt framhald af vexti og auknum umsvifum SVN á síðustu árum, m.a. með kaupum á Vísi hf., að kanna frekari möguleika á því að styrkja sölu- og markaðsmál félagsins. Þann 26. september 2023⁵ var svo tilkynnt um að viðræðum hefði lokið með undirritun samnings um kaup á helmingshlut í IFS annars vegar með kaupum á hlutum af Samherja en hins vegar með kaupum á nýútgefnu hlutafé (**sjá fskj. 10**). Kom fram að fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hefði verið ráðgjafi SVN og fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka hefði verið ráðgjafi Samherja í viðskiptunum.

3.2 Tilgangur og markmið samrunans

- (39) Tilgangur SVN með kaupunum er eins og segir að ofan að styrkja sölu – og markaðsmál félagsins en SVN hefur ekki verið með eigin söludeild eða söluþyrntæki eins og flest af stóru sjávarútvegsfyrirtækjum landsins hin síðustu ár. Í stjórnarsamþykkt þegar ákveðið var að hefja viðræður segir:

„Stjórn Síldarvinnslunnar hf. samþykkir að hefja viðræður við Samherja hf. um kaup á helmingshlut í sölufélaginu Ice Fresh Seafood ehf. Telur stjórnin það rökrétt framhald af vexti og auknum umsvifum Síldarvinnslunnar hf. á síðustu árum, m.a. með kaupum á Vísi hf., að kanna frekari möguleika á því að styrkja sölu- og markaðsmál félagsins.“

- (40) Á stjórnarfundum SVN þann 28. mars 2023 þar sem fjallað var um möguleg viðskipti var farið yfir ástæður þess að fjárfesta beint í sölufélagi en ljóst væri að SVN hefði átt í viðskiptum við IFS um langt árabil um sölu á afurðum. Vísir ehf. væri einnig í töluverðum viðskiptum og vegna sölustarfsemi Vísis erlendis væru tækifæri til samþættingar á sölustarfsemi IFS og Vísis erlendis (**fskj. 11**). Samkvæmt samrunaaðilum liggur einnig fyrir að stefnt er að aukinni markaðssókn á erlendum mörkuðum og er fyrirhugað að nýta aukið hlutafé meðal annars í að setja á stofn skrifstofu í Asíu og auka starfsemi þar verulega.

3.3 Eðli samrunans

- (41) Um viðskiptin vísast til umfjöllunar í kafla 1.1 en eins og fram kemur þar er um að ræða kaup SVN á hlutafé í IFS af Samherja en auk þess kaupir SVN nýútgefið hlutafé þannig að eftir hlutafjárhækkun verði eignarhlutur SVN í félaginu alls 50 %. IFS fer þannig úr því að vera dótturfélag Samherja í 100 % eigu þess félags í það að vera í jafnri eigu Samherja og SVN.
- (42) Að mati aðila er eins og áður segir fyrst og fremst um að ræða lóðréttan samruna þar sem IFS starfar við sölu og markaðssetningu þeirra afurða sem bæði Samherji og SVN

⁵ Stjórn SVN fjallaði um kaupin á fundi sínum þann 8. júní 2023 og heimilaði Gunnþóri Ingvasyni, forstjóra félagsins á þeim fundi að ganga frá kaupsamningi, sbr. fskj. nr. 12. Er staðfest að stjórn SVN fjallaði einungis um umrædd viðskipti á fundi sínum þann 28. mars 2023 og þann 8. júní 2023. Stjórn Samherja fjallaði um sölu á fundi þann 28. mars 2023 og viðskiptin voru svo samþykkt á stjórnarfundum Samherja þann 14. september 2023. Er staðfest að stjórn Samherja fjallaði einungis um viðskiptin á þessum tveimur fundum, sjá fskj. nr. 13.

framleiða, þ.e. íslenskar sjávarafurðir. Langstærsti hluti afurða sem seldar eru í gegnum IFS fara á erlenda markaði eða um og yfir 98 %.

- (43) Má segja að samruninn geti einnig haft lárétt áhrif varðandi þær afurðir sem SVN hefur sjálft séð um sölu á. SVN er ekki með eiginlega sölustarfsemi og hefur því selt langmest af afurðum sínum í gegnum sölufélög eins og IFS. Þær afurðir sem fara ekki í gegnum önnur sölufélög eru aðallega sölur beint í gáma frá skipum Bergs og Bergs – Hugins en einnig getur verið um að ræða tilfallandi sölur. Vísir hefur verið með eigin söludeild, aðallega vegna sölu á saltfiski en sala fer að mestu í gegnum erlend sölufélög Vísis. Auk þess selur SVN fiskimjöli og lýsi í gegnum erlenda umboðsaðila en starfsmaður IFS⁶ hefur þó umsjón með sölu gegn fastri þóknun. Það má því segja að samruni sé aðallega lóðréttur en einnig að nokkru leyti láréttur hvað þetta varðar. Í langflestum tilfellum er þó eins og áður segir um að ræða sölu á erlenda markaði. Engar breytingar eru ráðgerðar varðandi sölu innanlands.
- (44) Í hluthafasamkomulagi (**fskj. 4**), sem tekur gildi gangi viðskiptin eftir, er kveðið á um að stjórn verði skipuð fjórum einstaklingum og tveir verði skipaðir af Samherja og tveir skipaðir af hálfu SVN. Hefur hluthafasamkomulagið að geyma ákvæði sem tryggja meðal annars að mikilvægar ákvarðanir séu teknar af meirihluta stjórnar. Einnig er þar að finna ákvæði um málsmeðferð komi til pattstöðu um mikilvæg málefni félagsins.⁷
- (45) Í hluthafasamkomulaginu er einnig að finna ákvæði er takmarkar framsal hluta, svo sem með forkaupsrétti félagsins og forkaupsrétti hluthafa. Í hluthafasamkomulaginu er ákvæði er varðar söluskyldu komi til þess að hlutdeild hluthafa, þ.m.t. dótturfélaga, í afurðasölu samstæðu IFS verði meiri en 85 %. Einnig er að finna ákvæði um rétt til samhliða sölu (tag along).
- (46) Eins og fram kemur í ákvæði 1.2 í hluthafasamkomulagi munu hluthafarnir eiga félagið í jöfnum hlutföllum og fara í sameiningu með 100 % hlutfjár í félaginu. Varðandi stjórnarformann segir í ákvæði 4.2 að hann skuli tilnefndur af Samherja fyrstu þrjú árin og SVN næstu tvö ár á eftir og síðan til skiptis til tveggja ára í senn. Stjórn mun setja sér starfsreglur þegar hún hefur verið kjörin í samræmi við ákvæði 5.mgr. 46.gr. laga um einkahlutafélag. Ekki liggur fyrir hverjir verði stjórnarmenn í IFS.
- (47) Eins og áður hefur verið nefnt eru kaupin skilyrt af kaupum á tilteknum erlendum félögum en því til viðbótar eru kaupin gerð með fyrirvara um samþykki SE og að niðurstöður áreiðanleikakannanna séu fullnægjandi að mati kaupanda varðandi IFS og félög sem nefnd eru í lið 12 og að mati seljanda varðandi félög sem nefnd eru í lið 13.

3.4 Atvinnuvegir sem samruninn nær til

- (48) Þeir atvinnuvegir sem viðskiptin varða er lýst í 6. kafla þessarar samrunaskrár.

3.5 Kaupverð

⁶ Sjá nánar um sölustarfsemi SVN í fskj. nr. 30 (Kynning á sölustarfsemi SVN)

⁷ Umrædd ákvæði eru í grein 5.6 – 5.12 í hluthafasamkomulagi og gera ráð fyrir því að stjórnir samrunaaðila reyni að leysa úr pattstöðunni að fenginni skriflegum greinargerðum frá stjórnarmönnum hvors hluthafa. Náist þá ekki samkomulag er gert rá fyrir því að hluthafar komi sér saman um óháðan og sjálfstæðan þriðja aðila til að hafa milligöngu um samkomulag en takist það ekki er aðilum heimilt að hefja gerðarmeðferð hjá gerðardómi Viðskiptaráðs í samræmi við grein 17.3.

- (49) Eins og fram kemur í kaupsamningi felast viðskiptin annars vegar í kaupum á núverandi hlutum af Samherja fyrir 10,7 milljónir evra, og hins vegar útgáfu nýs hlutafjár í IFS að fjárhæð 21,5 milljónir evra. Heildarvirði IFS verður þannig 64,4 milljónir evra eftir hlutafjárukninguna og fjárfesting SVN nemur þannig alls 32,2 milljónum evra.
- (50) Skilyrði er samkvæmt kaupsamningi að IFS gangi frá kaupum á eignarhlutum í erlendum sölufélögum sem fyrirtækið hefur átt í farsælu viðskiptasambandi við undanfarin ár. Um er að ræða helmingshlut í Seagold Ltd. í Bretlandi, 100 % eignarhlut í Ice Fresh Seafood SAS í Frakklandi, 67 % hlutafjár í Ice Fresh Seafood Spain S.L. á Spáni og helmingshlut í Aquanor Marketing Inc. í Bandaríkjunum fyrir samtals 13,9 milljónir evra.
- (51) Þá er skilyrði kaupsamnings að IFS gangi frá kaupum á helmingshlut í sölufélaginu 2014 Cabo Norte S.A. á Spáni af SVN fyrir 4,9 milljónir evra og Pytheas Seafood á Grikklandi.

3.6 Velta

- (52) Heildarvelta IFS nam EUR 337.446.000 eða 50.279 m.kr. árið 2022 (meðalgengi 149). Samkvæmt IFS er rúmlega 96 % af veltu félagsins tilkomin vegna beinnar sölu á erlenda markaði. Af þeim tæplega 4 % sem er seldur innanlands fer rúmlega helmingur til útflutningsaðila en stærsti hluti innanlandssölu IFS er eldisfiskur, þ.e. lax og bleikja úr landeldi Samherja Fiskeldi ehf.
- (53) Heildarvelta samstæðu SVN árið 2022 nam USD 310.098.063 eða 42.7 milljörðum íslenskra króna (meðalgengi 138). Veltutölur Vísir árið 2022 nema rétt tæpum 12 milljörðum íslenskra króna og þar sem einungis desembermánuður ársins 2022 er inni í samstæðureikningi SVN myndi heildarvelta að viðbætti veltu Vísis nema 53,7 milljörðum íslenskra króna. Nánast öll velta SVN er vegna sölu á erlenda markaði en yfir 90 % af veltu Vísis ehf. er vegna sölu á erlenda markaði ýmist í gegnum IFS eða aðra söluaðila.
- (54) Heildarvelta samstæðu Samherja árið 2022 vegna seldra vara nam rúmlega 380 milljónum evra eða um 56,6 milljarða íslenskra króna. Nánast öll velta Samherja er vegna sölu á erlenda markaði og þá aðallega í gegnum IFS.

3.7 Mögulegur ávinningur, samlegðaráhrif og viðskiptalegar forsendur

- (55) Eins og segir í kafla 3.2. er helsti tilgangur SVN með kaupunum að styrkja sölu – og markaðsmál félagsins. Samrunaaðilar telja að breytt eignarhald á IFS muni styrkja félagið til framtíðar og aukið hlutafé verði nýtt til frekari sóknar á erlenda markaði, meðal annars með stofnun skrifstofu í Asíu.
- (56) Viðskiptin eru í samræmi við þá stefnu SVN að nýta tækifæri til frekari stækkunar bæði með ytri og innri vexti og stuðla að aukinni áhættudreifingu og arðsemi í rekstri. IFS býr yfir margra ára reynslu og sérþekkingu við sölu- og markaðssetningu sjávarafurða og nær sölunet fyrirtækisins til yfir 60 landa og á bak við það er áratuga þekking og viðskiptasambönd á helstu mörkuðum fyrir íslenskt sjávarfang.
- (57) Eins og fram kom í fréttatilkynningu þann 26. september sl. var fyrirtækjaráðgjöf Arion banka ráðgjafi SVN í viðskiptunum og fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans var ráðgjafi Samherja. Voru útbúin kynningarverðmöt frá báðum ráðgjöfum sem eru meðfylgjandi.

Um frekari viðskiptalegar forsendur viðskiptanna vísast til þeirra kynninga (**sjá fskj. 14 og 15**).

4 Eignarhald og yferráð

4.1 Fyrirtæki eða einstaklingar sem ráða yfir samrunaaðilum

- (58) SVN er ekki undir yferráðum tiltekins einstaklings eða fyrirtækis. Um hluthafa vísast til kafla 2.2 en hluthafalisti er uppfærður á heimasíðu SVN með í upphafi hvers mánaðar.
- (59) Eins og sést á hluthafalista Samherja hf. er stærsti hluthafinn K & B ehf. sem á 45,18 % hlut (50,02 % að teknu tilliti til eigin hluta), en hluthafar í því félagi eru þrír, þ.e. systkinin Baldvin Þorsteinsson og Katla Þorsteinsdóttir, sem eiga sinn hvorn 49 % hlut og svo Þorsteinn Már Baldvinsson sem á 2 % hlut, en Þorsteinn er faðir Baldvins og Kötlu. Aðrir hluthafar í Samherja eru systkinin Dagný Linda Kristjánsdóttir, Katrín Kristjánsdóttir, Kristján Bjarni Kristjánsson og Halldór Örn Kristjánsson sem eiga um 8,7 % hlut hvert en systkinin eiga svo hvert 25 % hlut í Anders ehf. sem er með 7,7 % hlut í Samherja hf. Þannig eiga systkinin alls um 10,6 % (11,7 % að teknu tilliti til eigin hluta) hlut hvert í Samherja hf. Kolbrún Ingólfssdóttir og Kristján V Vilhelmsson eiga svo 1,2 % og 1,1 % hlut hvert en Kristján og Kolbrún eru foreldrar systkinanna.
- (60) Eins og fram kemur að ofan fer félagið K & B ehf. með rétt rúmlega helmingshlut af útstandandi hlutabréfum í Samherja hf.⁸ Félagið K & B ehf. er ekki undir yferráðum eins aðila eða einstaklings.

4.2 Fyrirtæki undir yferráðum samrunaaðila

- (61) Í kafla 2.2, 2.3 og 2.4 er að finna upplýsingar um þau fyrirtæki sem eru undir yferráðum samrunaaðila.

4.3 Formlegt eða óformlegt samstarf við fyrirtæki á sama eða tengdum mörkuðum

SVN hefur áður gert grein fyrir viðskiptum og samstarfi við önnur sjávarútvegsfélög í samrunatilkynningum til Samkeppniseftirlitsins og nú síðast í samrunatilkynningu vegna samruna SVN og Vísis hf., sbr. mál nr. 28/2022. (sjá fskj. nr. 26)

4.3.1 Samstarf og viðskipti milli SVN og Samherja og annarra sjávarútvegsfyrirtækja

4.3.1.1 Kvótaviðskipti og færslur

- (62) Eins og farið hefur verið yfir í fyrri samskiptum við Samkeppniseftirlitið er sveigjanleikinn í íslenska kvótakerfinu með þeim hætti að útgerðarfyrirtæki geta skipt á heimildum eftir því sem hentar og mætt þannig náttúrulegum sveiflum í mismunandi stofnum. Auk þess er möguleiki á að geyma heimildir yfir kvótaáramót og þannig nýta menn geymslurétt til sveiflujöfnunar á milli ára. Hjá samrunaaðilum hefur stefnan ávallt verið sú að veiða og nýta þær heimildir sem þeir hafa aðgang að. En samrunaaðilar hafa áfram nýtt sér sveigjanleikann sem eru til staðar í kerfinu til að sveiflujafna milli mismunandi útgerðarflokka hjá sér og hafsvæða.
- (63) Þannig voru um 9.600 tonn af uppsjávarkvóta fluttur til SVN frá Samherja árið 2022 eða 5 % af uppsjávarkvóta sem veiddur var af skipum SVN. Um 7.000 tonn af uppsjávarkvóta voru flutt frá SVN til Samherja á sama ári eða um 7 % af uppsjávarkvóta

⁸ Samkvæmt ársreikningi Blika ehf. fyrir árið 2022 seldi félagið alla hluti sína í Samherja hf. í júní 2023 til Samherja hf., sjá fskj. nr. 29 (ársreikningur Blika ehf. 2022) sem leiðir til þess að K & B ehf. fer með rétt rúmlega helmingshlut af útstandandi hlutum í Samherja hf.

sem veiddur var af skipum Samherja það ár. Yfirlit yfir kvótafærslur í uppsjávarfiski er að finna á fskj. nr. 31 og 32 þar sem er yfirlit yfir kvótafærslur Samherja annars vegar og SVN hins vegar árin 2020, 2021 og 2022. Rétt er að geta þess að í flestum tilvikum er um að ræða lán milli kvótaára og snýr það aðallega að nýtingu á geymslum. Á það við um færslur milli Samherja og SVN en einnig um viðskipti við aðra aðila.

- (64) Í bolfiski voru tæplega 1.700 tonn flutt frá skipum Samherja til SVN árið 2022 eða um 6 % af heildarkvóta Samherja. Á móti voru flutt tæplega 2.900 tonn frá SVN til Samherja eða um 9 % af heildarkvóta SVN. Yfirlit yfir kvótafærslur í bolfiski er að finna á fskj. nr. 31 og 32, þar sem er yfirlit yfir kvótafærslur Samherja annars vegar og SVN hins vegar, árin 2020, 2021 og 2022.

4.3.1.2 Viðskipti með afla og afurðasala

- (65) Varðandi ráðstöfun bolfiskafla vísast til kafla 7.3.1.2 en þar kemur fram að samrunaaðilar ráðstafa bolfiskafla sínum aðallega til eigin vinnslu. Samkvæmt töflu í tölulið 140 kemur þó fram að um 10 % af hráefnisöflun Samherji kemur frá SVN og dótturfélögum árið 2022.
- (66) Varðandi ráðstöfun uppsjávarafla vísast til kafla 7.3.2.2 en þar kemur fram að uppsjávarskip Samherja hafi landað um 69 þúsund tonnum hjá SVN árið 2022 eða um 74 % af uppsjávarafla félagsins. Er það um 22 % af uppsjávarhráefni SVN árið 2022.
- (67) Varðandi afurðasölu vísast til kafla 7.1.1.1 en þar kemur fram að afurðasala SVN fari að miklu leyti í gegnum IFS. Jafnframt hefur Vísir selt töluvert magn afurða í gegnum IFS. Um afurðasöluna vísast einnig til fylgiskjala nr. 17 og 18.

4.3.1.3 Veiðisamstarf

- (68) Greint hefur verið frá veiðisamstarfi milli Síldarvinnslunnar hf. og Samherja Ísland ehf. í tengslum við loðnu- og makrílveiðar undanfarin ár en það samstarf snýst um að koma aflanum í land með sem skemmstum hætti. Með samstarfi um veiðarnar er átt við að skipin veiði á svipuðum slóðum og miðli afla sem þau hafa veitt í eigin veiðarfæri til annarra skipa í samstarfinu sem síðan sigla með aflann í land til sölu. Þá byggist samstarfið á að útgerð og skipstjórnarmenn vinni saman með það í huga að nýta skipakost og vinnslu sem best. Er um að ræða veiðisamstarf milli uppsjávarskipa Síldarvinnslunnar og uppsjávarskipa Samherja Ísland ehf. og eru áhafnir skipa og stéttarfélög aðilar að samkomulagi hvað þetta varðar⁹. Tekin er ákvörðun um veiðisamstarf við upphaf veiða í samræmi við aðstæður og útgefin kvóta hverju sinni. Veiðisamstarfið byrjaði þegar gefin var út makrílkvóti árið 2020 og má segja að veiðisamstarfið sé aðallega vegna makrílveiða. Veiðisamstarf var vegna loðnuveiða árið 2022 þegar gríðarmikill loðnukvóti var gefin út¹⁰.
- (69) Engar greiðslur fara milli aðila vegna þessa en samkomulag er um jafna skiptingu aflaverðmæta sem landað er hverju sinni eftir því hvaða skip eru við veiðar hverju sinni. Telja samrunaaðilar ljóst að ofangreint veiðisamstarf við makrílveiðar hafi í raun gert

⁹ Sjá sem dæmi um samkomulag við áhafnir, fskj. nr. 33-35. Samkomulag um makrílveiðar nær einnig til síldveiða en síld slæðist óumflýjanlega með við makrílveiðar.

¹⁰ Sjá nánari upplýsingar um veiðisamstarfið á fskj. nr. 36

skipunum kleift að ná að veiða úthlutaðar aflaheimildir og hámarka verðmæti aflans hverju sinni.

4.3.1.4 Annað samstarf

- (70) Varðandi annað samstarf og viðskipti er Vísir ehf., dótturfélag SVN, er 25 % hluthafi í Marine Collagen ehf., en aðrir hluthafar eru Samherji Ísland ehf., Þorbjörn hf. og Brim hf. Félagið vinnur að framleiðslu kollagens og gelatíns úr fiskroði, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 13/2018. Samkvæmt ársreikningum Marine Collagen hefur félagið verið rekið með tapi frá upphafi reksturs en félagið kaupir þorsroð, af eigendum félagsins til framleiðslu.¹¹
- (71) Vísir ehf. á svo 50 % eignarhlut í félaginu Haustak ehf. sem framleiðir og verkar fiskhousa og skreið til sölu á Afríkumarkað en Þorbjörn hf. á 50 % hlut á móti Vísi ehf.¹²
- (72) SVN á 66,76% hlut í Fóðurverksmiðjunni Laxá ehf. en þar er Akureyrarbær með 20,82% hlut, Fjárfestingarfélagið Urðir ehf. og Ísfélag Vestmannaeyja hf. eru þar með um 5% hlut hvort og auk þess eru nokkrir minni hluthafar. Fóðurverksmiðjan Laxá ehf. kaupir mest hráefni frá SVN. Laxá selur fóður til ýmissa fiskeldisfyrirtækja á Íslandi en stærsti kaupandi fóðurs er Samherji fiskeldi ehf., sem er dótturfélag Samherja¹³.
- (73) Einnig má nefna að Bergur-Huginn ehf. á 17,6 % hlut í Lifrarsamlagi Vestmannaeyja ehf. en eina eign félagsins er 41,24 % hlutur í Idunn Seafood ehf., sem rekur niðursuðuverksmiðju í Vestmannaeyjum og framleiðir niðursoðna þorsklifur.
- (74) Að lokum skal nefnt að Samherji Ísland ehf. tók á leigu uppsjávarskipið Börk NK 22 af SVN um tveggja mánaða skeið árið 2021 og í ársbyrjun árið 2022 um tveggja mánaða skeið.
- (75) Samrunaaðilum er ekki kunnugt um frekara viðskiptalegt samstarf, sbr. ákvæði 4.3 í reglum nr. 1390/2020¹⁴.

5 Persónuleg og fjárhagsleg tengsl og fyrri yfirtökur

5.1 Fyrirtæki á mörkuðum þar sem áhrifa gættir þar sem samrunaaðilar eiga yfir 10% atkvæðisréttar eða hlutafjár

- (76) Ekki er um önnur fyrirtæki en nefnd eru í kafla 4, sbr. kafla 2.2, 2.3 eða 2.4, þar sem samrunaaðilar eiga yfir 10 % eignarhlut.

5.2 Einstaklingar sem eiga sæti í stjórn annars fyrirtækis á mörkuðum þar sem áhrifa gættir

5.2.1 SVN

- (77) Í stjórn SVN sitja eins og áður greinir eftirfarandi einstaklingar: Þorsteinn Már Baldvinsson, Anna Guðmundsdóttir, Baldur Már Helgason, Erla Ósk Wissler

¹¹ Sjá ársreikning Marine Collagen ehf. fyrir árið 2022, fskj. nr. 37

¹² Sjá ársreikning Haustaks ehf. fyrir árið 2022, fskj. nr. 38

¹³ Sjá nánar yfirlit yfir stærstu viðskiptavini og birgja Fóðurverksmiðjunnar Laxár ehf. árið 2023, fskj. nr. 39.

¹⁴ Ekkert samstarf er milli samrunaaðila og Gjögurs hf. Hvað viðkemur kvótafærslum milli samrunaaðila og Gjögurs eru þær sérstaklega tilteknar í yfirlitum á fskj. nr.31 og 32.

Pétursdóttir og Guðmundur Rafnkell Gíslason. Varamenn í stjórn eru Arna Bryndís Baldvins McClure og Ingi Jóhann Guðmundsson.

- (78) Þar má nefna að Þorsteinn Már Baldvinsson, stjórnarformaður SVN, er framkvæmdastjóri Samherja hf., Samherja Ísland ehf. og Útgerðarfélag Akureyringa ehf. Einnig má nefna að Þorsteinn Már situr í stjórn Samherja fiskeldis ehf., Anna Guðmundsdóttir situr í stjórn Gjögurs hf. og er einnig varamaður í stjórn StorMar ehf. Varastjórnarmaðurinn Ingi Jóhann Guðmundsson er framkvæmdastjóri Gjögurs hf. og situr einnig í stjórn StorMar ehf.
- (79) Varðandi framkvæmdastjórn og stjórnarmenn í dótturfélögum SVN má nefna að Gunnþór Ingvason, forstjóri SVN, situr í stjórnnum dótturfélaga SVN og Vísis. Einnig situr Gunnþór í stjórn Arctic Fish AS, sem er skráð á First North markaðinn og er eigandi eldisfyrirtækisins Arctic Sea Farm á Vestfjörðum. Arnar Richardsson, stjórnarmaður í Bergi ehf., situr í stjórn Lifrarsamlags Vestmannaeyja ehf. og Idunn Seafood ehf.¹⁵ Einnig má nefna að Jón Kjartan Jónsson, stjórnarmaður í Fóðurverksmiðjunni Laxá ehf. er framkvæmdastjóri Samherja Fiskeldi ehf.
- (80) Að öðru leyti en að ofan greinir er ekki um það að ræða að stjórnarmenn eða framkvæmdastjórn SVN eða dótturfélaga eigi sæti í stjórnnum annarra fyrirtækja þar sem áhrifa gætir.

5.2.2 Samherji

- (81) Í stjórn Samherja sitja eins og áður segir eftirfarandi einstaklingar: Baldvin Þorsteinsson, Ásta Dís Óladóttir, Dagný Linda Kristjánsdóttir, Kristján V Vilhelmsson og Óskar Magnússon. Er sama stjórn í dótturfélögum Samherja, þ.e. Samherji Ísland ehf., Útgerðarfélag Akureyringa ehf. og Samherji Fiskeldi ehf.
- (82) Engin af stjórnarmönnum Samherja á sæti í stjórnnum annarra félaga á Íslandi sem reka starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa gætir. Rétt er þó að geta þess að Baldvin Þorsteinsson er formaður ráðgjafarstjórnar Alda Seafood Holding sem er eignarhaldsfélag með aðsetur í Hollandi sem á eignarhluti í sjávarútvegsfyrirtækjum í Evrópu.¹⁶

5.3 Yfirtökur á síðustu þremur árum

- (83) SVN keypti eins og kunnugt er allt hlutafé í útgerðarfélaginu Vísi hf. árið 2022. Um þau viðskipti vísast til ákvörðunar SE nr. 28/2022. Dótturfélag SVN, Bergur-Huginn ehf., keypti svo allt hlutafé í útgerðarfélaginu Bergi ehf. árið 2020 og um þau viðskipti vísast til ákvörðunar SE nr. 2/2021. Samrunaaðilar hafa að öðru leyti ekki framkvæmt yfirtökur á síðustu þremur árum.

¹⁵ Starfa við niðursuðu lífra.

¹⁶ <https://aldaholding.com/about-us/investments/>

6 Skilgreiningar á mörkuðum

6.1 Almennt

- (84) Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna samkvæmt 17. gr. c. samkeppnislaga er nauðsynlegt að skilgreina þann markað sem samrunaaðilar starfa á. Í 5. tölul. 1. mgr. 4. gr. samkeppnislaga er hugtakið markaður skilgreint sem „sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Staðgengdarvara og staðgengdarþjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti getur komið í stað annarrar.“ Með hliðsjón af hagfræðilegum rökum þarf að líta á viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarmiðum; annars vegar vöru- eða þjónustumarkaði og hins vegar landfræðilegum markaði. Megintilgangur markaðsskilgreininga er að greina með skipulegum hætti þær samkeppnishömlur sem viðkomandi fyrirtæki standa frammi fyrir, þ.e. að greina raunverulega keppinauta viðkomandi fyrirtækja.¹⁷
- (85) Viðkomandi vörumarkaður samanstendur af öllum þeim vörum og/eða þjónustu sem notendur telja jafngilda eða hliðstæða vegna einkenna, verðs og fyrirhugaðrar notkunar. Í tilkynningu ESA um skilgreiningu á hugtakinu viðkomandi markaður er gerð grein fyrir þeim grundvallarreglum sem gilda um markaðsskilgreiningu, en þar eru nefndar þrens konar samkeppnisástæður sem takmarka svigrúm fyrirtækja. Eru það í fyrsta lagi staðgengd í eftirspurn, í öðru lagi staðgengd í framboði og í þriðja lagi hugsanleg samkeppni.¹⁸ Hvað varðar skilgreiningu landfræðilegra markaða þá er með landfræðilega markaðinum átt við það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki taka þátt í viðskiptum með vörur eða þjónustu og samkeppnisaðstæður fyrir þær vörur eða þjónustu eru sambærilegar. Landfræðilegi markaðurinn getur verið ýmist staðbundinn eða svæðisbundinn markaður, landsmarkaður eða alþjóðlegur markaður.
- (86) Eins og fram hefur komið telja samrunaaðilar að sá markaður sem umrædd viðskipti hafi helst áhrif á sé markaður fyrir sölu og markaðssetningu á íslenskum sjávarafurðum en það er sá markaður sem IFS starfar á. Langstærsti hluti afurða sem seldar eru í gegnum IFS fara beint og óbeint á erlenda markaði eða um og yfir 98 % og landfræðilegi markaðurinn þannig aðallega erlendir markaðir.¹⁹ Markaður innanlands er þannig mjög lítil í því samhengi en þó verður í samrunaskránni reynt að greina markað á Íslandi eftir því sem unnt er. Þar sem bæði Samherji og SVN starfa í einhverjum tilvikum á sömu mörkuðum, þ.e. við veiðar og vinnslu sjávarafurða verður einnig farið yfir þá markaði enda þótt samrunaaðilar telji viðskiptin með hluti í IFS ekki muni hafa áhrif á umrædda markaði.
- (87) Verður hér fyrst fjallað um skilgreiningu á þeim markaði sem starfsemi IFS heyrir undir, þ.e. sala á íslenskum sjávarafurðum. Síðan verður farið yfir innanlandsmarkað og í kjölfarið þá markaði sem Samherji og Síldarvinnslan starfa á, þ.e. veiðar og vinnsla sjávarafurða á Íslandi.
- (88) Samrunaaðilar vilja koma því á framfæri að markaðshlutdeildin á framangreindum mörkuðunum er aðeins til viðmiðunar, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í

¹⁷ Sjá tilkynningu ESA um skilgreiningu á hugtakinu viðkomandi markaður (98/EES/28/01), mgr. 2.

¹⁸ Sjá tilkynningu ESA um skilgreiningu á hugtakinu viðkomandi markaður (98/EES/28/01), mgr. 13.

¹⁹ Varðandi helstu markaðslönd vísast til fylgiskjals nr. 30 (Kynning á sölustarfsemi SVN) og nr. 15

máli nr. 8/2008 Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu. Þar kom fram að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geti ekki orðið nákvæmar og verði aðeins notaðar til viðmiðunar.

6.2 Sala- og markaðsstarfsemi á íslenskum sjávarafurðum.

6.2.1 Þjónustumarkaður

- (89) Eins og fram hefur komið telja samrunaaðilar að sá markaður sem umrædd viðskipti hafi helst áhrif á sé þjónustumarkaður fyrir sölu og markaðssetningu á íslenskum sjávarafurðum en það er sá þjónustumarkaður sem IFS starfar á.

6.2.2 Landfræðilegur markaður

- (90) Langstærsti hluti afurða sem seldar eru í gegnum IFS fara beint og óbeint á erlenda markaði eða um og yfir 98 % og er landfræðilegi markaðurinn fyrir þær afurðir sem sölu – markaðsfyrirtækin eru að selja að mestu erlendir markaðir²⁰. Samkeppnisaðilar á markaði fyrir sölu og markaðssetningu á íslenskum sjávarafurðum eru önnur íslensk sölu og markaðsfélög en einnig eru fjölmörg erlend sölu og markaðsfélög sem sérhæfa sig í sölu og markaðssetningu á íslenskum sjávarafurðum sem og erlendum sjávarafurðum. Landfræðilegur markaður er því Ísland allt en einnig mætti rökstyðja að markaðurinn sé að minnsta kosti öll Evrópa. Umfjöllun um þennan markað mun þó miða við að landfræðilegur markaður sé Ísland.

6.3 Sala sjávarafurða á innanlandsmarkað

6.3.1 Sala á fiskmarkaði

6.3.1.1 Vöru/þjónustumarkaður

- (91) Mikill meirihluti íslenskra sjávarafurða seldur á erlenda markaði en lítill hluti er seldur á innlendan markað. Botnfiskur sem veiddur eru héraðis er annað hvort unninn í fiskvinnslum innanlands eða seldur á fiskmörkuðum þar sem bæði innlendir og erlendir kaupendur geta keypt afurðirnar. Aðeins lítið brot af botnfiskafurðum ratar á borð íslenskra neytenda á hótelum, veitingastöðum, í mötuneytum eða heimahúsum en 98-99 % af afurðum er flutt til útlanda. Varðandi innlendan markað er helst hægt að miða við þær afurðir sem fara á fiskmarkaði innanlands en þó liggur fyrir að langmestur hluti þeirra afurða sem eru seldar til fiskmarkaða eru á leið á erlendan markað. Þar sem samrunaaðilarnir Samherji og SVN selja íslenskar sjávarafurðir á fiskmarkaði á Íslandi má rökstyðja að einn af mörkuðum þar sem áhrifa gætir sé markaður fyrir sölu á íslenskum sjávarafurðum á fiskmarkaði á Íslandi.

6.3.1.2 Landfræðilegur markaður

- (92) Miðað er við að landfræðilegur markaður sé Ísland.

²⁰ Varðandi helstu markaðslönd vísast til fylgiskjals nr. x (Kynning á sölustarfsemi SVN) og nr. 15

6.3.2 Önnur sala sjávarafurða innanlands

6.3.2.1 Vöru/þjónustumarkaður

- (93) Samrunaaðilar selja allir íslenskar sjávarafurðir beint til íslenskra aðila og þannig má rökstyðja að einn af mörkuðum þar sem áhrifa gætir sé sala á íslenskum sjávarafurðum beint til íslenskra aðila.

6.3.2.2 Landfræðilegur markaður

- (94) Miðað er við að landfræðilegur markaður sé Ísland.

6.4 Veiðar og vinnsla sjávarafurða á Íslandi

- (95) Varðandi þessa markaði verður stuðst við þær skilgreiningar sem miðað hefur verið við í fyrri ákvörðunum SE varðandi íslenskan sjávarútveg, þ.e. veiðar og vinnsla á annars vegar botnfiski og hins vegar uppsjávarfiski. Þar sem í fyrri köflum hefur verið fjallað um sölu afurða á fiskmarkaði og beinan útflutning er hér fjallað um veiðar og vinnslu en það eru markaðir sem bæði Samherji og Síldarvinnslan starfa á.

6.4.1 **Botnfiskveiðar og vinnsla**

6.4.1.1 Botnfiskveiðar

- (96) Samrunaaðilarnir Samherji og SVN gera báðir út skip til botnfiskveiða og er því einn markaður þar sem áhrifa gætir samkvæmt skilgreiningu VI kafla reglna nr. 1390/2020 markaður fyrir botnfiskveiðar. Landfræðilegur markaður er Ísland.

6.4.1.2 Botnfiskvinnsla

- (97) Samrunaaðilarnir Samherji og SVN reka báðir botnfiskvinnslur á Ísland og er því einn markaður þar sem áhrifa gætir samkvæmt skilgreiningu VI kafla reglna nr. 1390/2020 markaður fyrir botnfiskvinnslu. Landfræðilegur markaður er Ísland.

6.4.2 **Uppsjávarveiðar og vinnsla**

6.4.2.1 Uppsjávarveiðar

- (98) Samrunaaðilarnir Samherji og SVN gera báðir út skip til uppsjávarveiða og er því einn markaður þar sem áhrifa gætir samkvæmt skilgreiningu VI kafla reglna nr. 1390/2020 markaður fyrir uppsjávarveiðar. Landfræðilegur markaður er Ísland.

6.4.2.2 Uppsjávarvinnsla

- (99) SVN rekur uppsjávarvinnslu og frystihús í Neskaupstað. Jafnframt rekur SVN fiskimjölsverksmiðjur, í Neskaupstað og á Seyðisfirði. Samherji er ekki með neina uppsjávarvinnslu og því má deila um hvort um sé að ræða markað þar sem áhrifa gætir samkvæmt skilgreiningu VI kafla reglna nr. 1390/2020. Þar sem Samherji rekur uppsjávarskip og selur afurðir til uppsjávarvinnslu er þó miðað við að svo sé í eftirfarandi umfjöllun. Landfræðilegur markaður er Ísland.

7 Upplýsingar um markaði þar sem áhrifa gætir

7.1 Sala- og markaðsstarfsemi á íslenskum sjávarafurðum.

7.1.1 Almenn um aðila á markaði

- (100) Stærstu íslensku fyrirtækin sem vinna að sölu og markaðssetningu á íslenskum sjávarafurðum eru yfirleitt helstu sjávarútvegsfyrirtæki landsins. Eins og áður segir er aðaláherslan lögð á sölu á erlenda markaði, þ.e. um 98 % af íslenskum sjávarafurðum eru seldar á erlenda markaði. Umfjöllun verður þá aðallega um markaðinn í heild sinni en síðan verður gerð tilraun til að greina innlendan hluta markaðarins sérstaklega.
- (101) Varðandi stærð og hlutdeild íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja á markaði fyrir sölu á sjávarafurðum er þannig nærtækast að líta til úthlutaðrar aflahlutdeildar. Á vef fiskistofu er yfirlit yfir heildarúthlutað þorskígildi í byrjun fiskveiðiárs þann 1. september sl.²¹ Eru 10 stærstu fyrirtækin með eftirfarandi hætti (að teknu tilliti til samstæðutengsla):

1 SVN (samstæða)	10,77 %
2 Brim hf.	10,44 %
3 Samherji Ísland ehf./ÚA	8,56 %
4 Ísfélag hf.	7 %
5 Fisk-Seafood ehf. ²²	6,47 %
6 Vinnslustöðin ehf. ²³	5,62 %
7 Skinney-Þinganes	4,55 %
8 Nesfiskur ehf.	3,50 %
9 Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.	3,28 %
10 Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf.	3,20 %

7.1.1.1 SVN

- (102) Varðandi sölu á afurðum selur SVN bolfiskafurðir sínar að miklu leyti í gegnum IFS en einnig í gegnum aðra aðila. Þannig fór um 95 % af sjófrystum bolfiskafurðum í gegnum IFS eða Seagold Ltd. árið 2022. Stór hluti af sölu bolfiskafurða samstæðu SVN fer þannig í gegnum IFS eins og undanfarin ár, en SVN er með þjónustusamning við IFS (**sjá fskj. 16**). Auk þess er Seagold Ltd. (verður í 50 % eigu IFS), með milligöngu um sölu á sjófrystum þorsk- og ýsuafurðum til Bretlands af Blæng NK-125. Um 42 % af landfrystum bolfiski fór í gegnum IFS árið 2022 en langmestur hluti landfrysts bolfisks sem allur er unnin í bolfiskvinnslu SVN á Seyðisfirði, er seldur til High Liner Foods Inc. eða um 52 % (**sjá fskj. 17**).
- (103) Afurðasala Vísis ehf. er ekki inni í ofangreindum tölum en tæplega [] % af afurðum Vísis eru seldar til DSFU sem er dótturfélag Vísis í Þýskalandi. Tæplega [] % voru seld í gegnum IFS og um [] % í gegnum Seagold Ltd. Að öðru leyti vísast til **fskj. 18** þar sem finna má yfirlit yfir afurðasölu Vísis ehf.

²¹ <https://island.is/v/gagnasidur-fiskistofu/fiskveidiaramot?pageName=ReportSection29bec4ad9da9a5835892>.

²² Að meðtalinni hlutdeild Soffanías Cecilssonar ehf.

²³ Að meðtalinni hlutdeild Hugins ehf. og Ós ehf.

- (104) Varðandi uppsjávarafurðir er megnið af frosnum uppsjávarafurðum SVN seldar í gegnum IFS eða um 90 % en um 9 % fer í eigin viðskipti. Hvað sölu á mjöli og lýsi varðar hefur sala verið í nafni SVN en starfsmaður IFS hefur annast samskipti við kaupendur gegn verktakagreiðslu. Umsýslufyrirtækið Chr. Holtermann AS („**Holtermann**“) er með umsýslu en það er norskt fyrirtæki sem hefur verið starfrækt frá 1916 og hefur átt milligöngu um viðskipti með mjöl og lýsi frá Íslandi um langt skeið. Sala fer fram í stórum förmum og fara reikningar beint á milli SVN og viðkomandi kaupanda í gegnum Holtermann. Sala er í öllum tilvikum á erlenda markaði að öðru leyti en því að um 5 % af sölu fer til Fóðurverksmiðjunnar Laxár hf. beint frá SVN.²⁴

7.1.1.2 Samherji

- (105) Samherji (Samherji Ísland ehf. og ÚA) selja megnið af sínum afurðum í gegnum IFS en öll sala á þeim afurðum sem eru ekki fullunnar fara beint frá Samherja, t.d. það sem fer á fiskmarkað beint frá skipum, hausar og lifur. Eins og sést á töflu í **fskj. 19** fer um [94] % af bolfiskafurðum Samherja í gegnum IFS. Uppsjávarafurðir eru svo seldar beint til vinnslu en um [] % af öllum eldisafurðum eru seldar í gegnum IFS. Sjá nánar töflu á **fskj. 19**.

7.1.1.3 Brim

- (106) Brim selur sínar afurðir í gegnum eigin söludeild en einnig á félagið Icelandic Japan sem selur afurðir Brims í Asíu. Brim á síðan þriðjungshlut á mótí Skinney-Þinganes og Ísfélagi Vestmannaeyja (nú Ísfélag hf.) í Iceland Pelagic ehf. sem selur uppsjávaraafurðir félaganna að mestu leyti. Einnig á Brim 25 % hlut í sölufyrirtækinu StorMar ehf. sem Brim stofnaði árið 2020 ásamt Ísfélagi Vestmannaeyja hf. (nú Ísfélag hf.), Skinney-Þinganes hf. og Gjögur hf. Nýverið keypti Brim svo helmingshlut í Polar Seafood Denmark AS í Danmörku, sem er sölufélag sjávarafurða úr Norður-Atlantshafi með um 78 milljarða veltu en Brim seldi afurðir fyrir 67,5 milljarða íslenskra króna á síðasta ári. Þann 25. september sl. var tilkynnt um kaup Brim hf. á 10,83 % hlut í sölufélaginu Iceland Seafood International („**ISI**“) og jafnframt kom fram að Ægir Páll Friðbertsson, framkvæmdastjóri Brim hf. myndi taka við forstjórastöðunni hjá ISI.

7.1.1.4 Ísfélagið

- (107) Nýlega sameinað félag Ísfélags Vestmannaeyja og Ramma sem ber nafnið Ísfélag hf. selur afurðir sínar að miklu leyti í gegnum Iceland Pelagic ehf. og StorMar ehf., sem nefnd eru hér að ofan. Í fjárfestakynningu vegna hlutfjárútboðs félagsins er sérstaklega tekið fram að félagið eigi hlut í þeim sölufyrirtækjum sem sjá að verulegu leyti um sölu- og markaðsmál félagsins. Þannig er nefnt að StorMar og Iceland Pelagic séu rekin í samstarfi við önnur stór sjávarútvegsfélög og náist þannig fram mikilvæg stærðarhagkvæmni í markaðs- og sölumálum.²⁵ Fram kemur í útboðslýsingu félagsins að IcePel sé aðili að hluthafasamkomulagi við eigendur Iceland Pelagic ehf. sem mælir fyrir um skuldbindingu IcePel til að selja allar frosnar uppsjávarafurðir sem eigendur þess framleiða og selja fyrir tilstilli þess. Byggjast arðgreiðslur úr IcePel til einstakra

²⁴ Fóðurverksmiðjan Laxá hf. er dótturfélag SVN.

²⁵ <https://isfelag.is/wp-content/uploads/2023/11/Isfelag-fjarfestakynning.pdf>

hluthafa á umfangi slíkra viðskipta hluthafanna fremur en hlutafjáreign þeirra.²⁶ Einnig kemur fram að StorMar sé aðili að hluthafasamkomulagi við eigendur StorMar um að eigendur félagsins selji allar frosnar bolfiskafurðir í gegnum það. Byggjast arðgreiðslur úr StorMar til einstakra hluthafa á umfangi slíkra viðskipta hluthafanna fremur en hlutafjáreign þeirra.²⁷

7.1.1.5 Önnur sjávarútvegsfélög

- (108) Varðandi önnur stór sjávarútvegsfyrirtæki má nefna að Fisk Seafood ehf. selur langmest af sínum afurðum í gegnum ISI. Skinney-Pinganes hf. selur í gegnum Iceland Pelagic og Stormar.²⁸ Vinnslustöðin er með eigin sölufélag, VSV Seafood Iceland, og er einnig með söluþyrntæki í Þýskalandi, Portúgal og Japan. Nesfiskur hf. í Garði selur mest af sínum afurðum í gegnum ISI en félagið á um 10 % hlut í félaginu. Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf. selur afurðir sínar bæði í gegnum eigið söluteymi og að hluta í gegnum valda söluaðila, allt eftir viðskiptavinum og afurðaflokkum hverju sinni. Félagið á 28,60 % hlut í sölufélaginu Iceland Westfjords Seafood ehf. Sama er að segja um Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. sem selur bæði í gegnum eigið söluteymi og í gegnum aðra söluaðila, meðal annars Brim en Útgerðarfélag Reykjavíkur er stærsti hluthafi þess félags.
- (109) Loðnuvinnslan ehf. selur sjálft og í gegnum sölufélagin Leo Fresh Fish og Triton ehf. og Eskja selur í gegnum eigið sölufélag Eskja Sales and Export ehf.
- (110) Langflest af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins eru þannig lóðrétt sambætt með veiðar, vinnslu og eignarhlut í afurðasölu.²⁹
- (111) Auk þeirra söluféлага sem hafa verið nefnd hér að ofan er fjöldinn allur af sölufélagum á Íslandi og erlendis sem sérhæfa sig í sölu og markaðssetningu á íslenskum sjávarafurðum³⁰ og má meðal annars nefna ASI ehf., GPG seafood ehf., Íslenskt Sjávarfang ehf., Atlantic Fresh Ltd., Isey fishimport GmbH og Leo Seafood ehf.

7.1.2 Markaðshlutdeild

- (112) Samrunaaðilar vilja koma því á framfæri að markaðshlutdeildin á framangreindum mörkuðunum er aðeins til viðmiðunar, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008 Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu. Þar kom fram að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geti ekki orðið nákvæmar og verði aðeins notaðar til viðmiðunar.
- (113) Til að áætla markaðshlutdeild einstakra sölu- og markaðsaðila er ein leið að skoða veltutölur hjá helstu söluþyrntækjum sem hlutfall af heildarútflytningi. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands nam heildarútflytningur sjávarafurða árið 2022 alls tæpum 352 milljörðum.³¹

²⁶ Sjá útboðslýsingu Ísfélagsins hf., bls. 36.

²⁷ Sjá útboðslýsingu Ísfélagsins hf., bls. 36.

²⁸ Humar er seldur undir merkinu Blumaris sem er eigið sölufélag SP.

²⁹ Staða og horfur í íslenskum sjávarútvegi, bls. iii

³⁰ Staða og horfur í íslenskum sjávarútvegi, bls. 44

³¹ https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir_sjavarutvegur_utf/SJA04903.px/table/tableViewLayout2/

- (114) Tvö stærstu sölufélögin eru ISI og IFS hér á landi. ISI velti um 63 milljörðum íslenskra króna á árinu 2022 sem nemur um **18 %** af heildarútflutningi. IFS velti um 50 milljörðum íslenskra króna en þá á eftir að taka tillit til þess að um 7,5 % af veltu IFS er sala á erlendum sjávarafurðum og um 9 % af veltu er vegna sölu á eldisafurðum. Heildarvelta IFS vegna íslenskra sjávarafurða er þannig um 41 milljarður sem nemur um **11,6 %** af heildarútflutningi.
- (115) Eins og áður segir selur Brim, sem velti eitt og sér um 67,5 milljörðum íslenskra króna á síðasta ári³², sínar afurðir í gegnum eigin söludeild og dótturfélagið Icelandic Japan og má því gróflega áætla að afurðir félagsins nemi allt að **18 %** af heildarútflutningi. Miðað við sömu forsendur væri hlutdeild Samherja um **9 %**³³ og Síldarvinnslunnar um **14 %**³⁴. Fjölmargir aðrir aðilar eru svo á markaðnum með minni hlutdeild eins og að ofan greinir, bæði útgerðarfélög sem selja sjálf og svo sérhæfð sölufyrirtæki. Þannig velti Iceland Pelagic ehf. um 22 milljörðum króna á árinu 2022 sem er um **6 %** af heildarútflutningi. ASI og Eskja Sales and Export veltu um 13 milljörðum hvort sem er um **4 %** af heildarútflutningi og svo má nefna StorMar, VSV Seafood og ThorFish (Þorbjörn hf.) sem veltu öll um 10 milljörðum hvert eða um **3 %** af heildarútflutningi. Stormar og Iceland Pelagic sem eru í eigu sömu aðila væri þannig samanlagt með um **9-10 %** af heildarútflutningi. Fjölmörg önnur félög eru síðan eins og áður segir á þessum markaði sem eru með nokkurra milljarða veltu. Það er þannig ljóst að það er ekkert fyrirtæki með markaðsráðandi stöðu við sölu á íslenskum sjávarafurðum.
- (116) Eins og áður segir fer nánast öll sala þessara félaga fram á erlendum mörkuðum, en um 98-99 % af sjávarafurðum á Íslandi eru flutt úr landi³⁵. Er íslenskur sjávarútvegur þannig í harðri samkeppni við sjávarútvegsfyrirtæki um allan heim. Samanlögð velta 39 stærstu sjávarútvegsfyrirtækja á Íslandi er um 350 milljarðar króna eins og áður segir.³⁶ Þannig er einnig ljóst að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki eru verðþegar á mörkuðum og njóta ekki markaðsáhrifa eins og verðmyndunar í krafti stærðar sinnar.³⁷ Stærsta fyrirtækið í Evrópu er MOWI sem velti um 517 milljörðum króna á árinu 2018.³⁸ Helstu samkeppnislönd Íslands eru Noregur og Færeyjar en eins og áður segir eru íslensku sjávarútvegsfyrirtækin í samkeppni á heimsmarkaði. Mjög erfitt er að greina markaðshlutdeild á erlendum mörkuðum en ljóst er að stærstu íslensku sjávarútvegsfyrirtækin eru ekki stór miðað við stærstu erlendu fyrirtækin.³⁹
- (117) Hvað aðgangshindranir varðar þá bendir fjöldi sölufélaga á markaði ekki til þess að aðgangshindranir séu miklar.

³² Sjá ársreikning Brims hf. 2022, sjá lið 4, starfspáttayfirlit. Er þá dregin frá liðurinn „Annað“.

³³ Sjá ársreikning Samherja hf. 2022 (**fskj. 7**), seldar afurðir botnfiskur og uppsjávarfiskur, bls. 14-15.

³⁴ Sjá ársreikning SVN, **fskj. 23** og Vísis ehf., **fskj. 24**. Er þar miðað við útgerð og landvinnslu og einnig tekið tillit til þess að desembermánuður hefur verið tekin inn í samstæðureikning SVN.

³⁵ Sjá umsögn SFS um fjármálaáætlun, dags. 21. apríl 2023.

³⁶ <https://audliodin.is/2022/07/15/samthjoppun-i-sjavarutvegi/>.

³⁷ Staða og Horfur í íslenskum sjávarútvegi, 2021, bls. 183 og 185.

³⁸ Staða og horfur í íslenskum sjávarútvegi, 2021, bls. 191.

³⁹ Staða og horfur í íslenskum sjávarútvegi, 2021, bls. 190-191.

7.2 Sala sjávarafurða á innanlandsmarkað

7.2.1 Sala á fiskmarkaði

- (118) Eins og áður segir er mikill meirihluti íslenskra sjávarafurða seldur á erlenda markaði en lítil hluti er seldur á innlendan markað. Botnfiskur sem veiddur eru hérlendis er annað hvort unninn í fiskvinnslum innanlands eða seldur á fiskmörkuðum þar sem bæði innlendir og erlendir kaupendur geta keypt afurðirnar. Sumt af aflanum er sjófryst og flutt út án frekari vinnslu í landi eða flutt beint úr landi í gámum. Aðeins lítið brot af botnfiskafurðum ratar á borð íslenskra neytenda á hótelum, veitingastöðum, í mótuneytum eða heimahúsum en 98-99 % af afurðum er flutt til útlanda.⁴⁰ Varðandi hlutdeild á innlendan markað er helst hægt að miða við þær afurðir sem fara á fiskmarkaði innanlands en þó liggur fyrir að langmestur hluti þeirra afurða sem eru seldar til fiskmarkaða eru á leið á erlendan markað.⁴¹ Í neðangreindri töflu er að finna áætlun um hlutdeild samrunaaðila á þeim markaði síðustu þrjú ár⁴²:

2.5.3 Markaðshlutdeild á markaðnum fyrir botnfiskafli á fiskmarkaði innanlands							
	2020		2021		2022		
	Tonn	% af heild	Tonn	% af heild	Tonn	% af heild	
Lögaðilar							
Sildarvinnslan hf og dó	2.443	2,77%	3.042	3,40%	2.803	3,41%	
Samherji og Útgerðarfe	1.988	2,25%	2.098	2,35%	1.769	2,15%	
Samtals skv. Hagstofu	88.250		89.462		82.146		
Áætluð hlutdeild annara aðila á sama markaði							
Brim Hf	814	0,92%	1.432	1,60%	1.507	1,83%	
FISK seafood	3.696	4,19%	2.698	3,02%	2.753	3,35%	
Þorbjörn	1.153	1,31%	1.255	1,40%	957	1,16%	

Eins og sést er áætluð hlutdeild samrunaaðila samtals um 5,5 % á árinu 2022. Umrædd viðskipti um hluti í IFS hefur engin áhrif á umræddan markað en samrunaaðilar áforma engar breytingar varðandi sölu á fiskmarkaði innanlands. IFS selur einungis fullunnar vörur og er því engin sala á fiskmarkaði.

- (119) Verð á erlendum mörkuðum er almennt töluvert hærra en á innlendum markaði.⁴³

⁴⁰ Staða og horfur í íslenskum sjávarútvegi, 2021, bls. 43

⁴¹ Staða og horfur í íslenskum sjávarútvegi, 2021, bls. 53

⁴² Hlutdeild annarra aðila er áætluð út frá tölum um landaðan afla á fiskistofuvef. Síðan er reynt að áætla hversu stór hluti fer á fiskmarkaði með tilliti til tegunda.

⁴³ Staða og horfur í íslenskum sjávarútvegi, 2021, bls. 53-54

7.2.2 Önnur sala innanlands

7.2.2.1 IFS

- (120) IFS selur eins og áður segir einungis fullunnar vörur og er því engin sala á fiskmarkaði. Samkvæmt töflu í **fskj. 20** nemur heildarvelta IFS á innanlandsmarkað um 1,9 milljarði íslenskra króna (12,8 milljónir EUR á genginu 150) eða um 3,8 % af heildarveltu IFS. Samkvæmt yfirlitinu fer rúmlega helmingur til útflutningsaðila, þ.e. annarra söluaðila og milliliða sem fullvinna afurðirnar frekar til útflutnings. Af útflutningshluta innanlandssölu eru svo 92 % eldisafurðir.
- (121) Langstærsti hluti innanlandssölu IFS er eldisfiskur, þ.e. lax og bleikja,⁴⁴ en um 87 % af innanlandsölu er vegna sölu á eldisafurðum úr landeldi Samherja Fiskeldi ehf. Þar sem SVN framleiðir engar eldisafurðir er ljóst að umrædd viðskipti hafa engin áhrif á markaði fyrir sölu á eldisafurðum.
- (122) Sala innanlands á öðrum afurðum en eldisafurðum hjá IFS, sem ekki eru ætlaðar til útflutnings, nema þannig alls um 110 milljónum króna (EUR 729.933) á árinu 2022. Stærsti kaupandi bolfiskafurða sem ætlaðar eru til innanlandsneyslu er Norðanfiskur ehf. sem keypti fyrir um 65 milljónir íslenskra króna en að öðru leyti er aðallega um að ræða tilfallandi sölur til fiskbúða, veitingahúsa og mótuneyta en auk þess eru einstaka sölur til íþróttafélaga, starfsmanna og annarra einstaklinga⁴⁵. Verðlagning er miðuð við markaðsverð, þ.e. sambærilegt verð til útflutnings.⁴⁶
- (123) Samkvæmt upplýsingum frá IFS er heildarmagn afurða sem seldar eru innanlands 193.773 kg. Þær afurðir sem seldar eru til útflutningsaðila héraendis nema 106.930 kg en afurðir sem eru ætlaðar til innanlandsölu nema 86.843 kg.

7.2.2.2 Samherji

- (124) Eins og greinir að ofan selur Samherji langmest af sínum afurðum í gegnum IFS eða um 94 % afurða en annað fer að mestu á fiskmarkað auk þess sem um að ræða sölu á hausum og lifur.
- (125) Samkvæmt töflu á **fskj. 19** kemur fram að sala innanlands þegar búið er að draga frá eldisfisk og bolfiskhráefni eins og lifur, hausa og roð nemur alls rúmlega [] tonnum. Verðmæti nemur samkvæmt þessu um [] evrum eða rúmlega [] milljónum króna. Af þessu nemur sala til Hnýfils ehf., Ektafisks ehf. og Norðanfisks ehf. um [] % en þar er um að ræða vinnsluaðila á innlendan neytendamarkað⁴⁷. Líkt og í tilviki IFS er að öðru leyti aðallega um að ræða tilfallandi sölur til fiskbúða, veitingahúsa og mótuneyta en auk þess er um einstaka sölur til íþróttafélaga, starfsmanna og annarra einstaklinga. Verðlagning er eins miðuð við markaðsverð, þ.e. sambærilegt verð til útflutnings.

⁴⁴ Sjá til dæmis sala til Eðalfisks ehf., Menju ehf. og Norðanfisks ehf. (tæplega helmingur afurðasölu til Norðanfisks eru eldisafurðir)

⁴⁵ Af öðrum kaupendum bolfiskafurða til innanlandsneyslu má nefna K6 Veitingar, Grím Kokk ehf., Marz sjávarafurðir sem keyptu fyrir um 3-4 milljónir íslenskra króna hver, sjá nánar fskj. nr. 21.

⁴⁶ Sölur til íþróttafélaga og annarra félaga vegna fjáröflunar eru þó oft á sérkjörum.

⁴⁷ Af öðrum kaupendum bolfiskafurða til innanlandsneyslu má nefna FISK kompaní, Eldum rétt og K6 veitingar, sjá nánar fskj. nr. 19.

7.2.2.3 SVN

(126) Eins og fram kemur í lið 77 selur SVN bolfiskafurðir sínar að miklu leyti í gegnum IFS en einnig í gegnum aðra aðila. Þannig fór um 95 % af sjófrystum bolfiskafurðum í gegnum IFS eða Seagold Ltd. árið 2022. Varðandi Vísi ehf. kom fram að tæplega [] af afurðum Vísis séu seldar til DSFU sem er dótturfélag Vísis í Þýskalandi. Tæplega [] voru seld í gegnum IFS og um [] í gegnum Seagold Ltd. Samkvæmt töflu á **fskj. 18** kemur fram að sala innanlands hjá Vísi þegar búið er að draga frá bolfiskhráefni eins og lifur, hausa og roð nemi alls rúmlega 47 tonnum að verðmæti alls 322 þúsund evra eða um 48 milljónum króna. Hjá SVN nemur sambærileg sala alls um 28 tonnum að verðmæti alls um 275 þúsund USD eða rúmlega 37 milljónum króna⁴⁸ (**sjá fskj. 40**).

7.2.2.4 Uppsjávarafurðir

(127) Varðandi uppsjávarafurðir fara þær afurðir að öllu leyti beint í vinnslur, hér á landi og erlendis og er því í raun ekki um neinn innanlandsmarkað að ræða.

7.2.2.5 Markaðshlutdeild

(128) Samkvæmt ofangreindu er ljóst að markaðshlutdeild samrunaaðila á innanlandsmarkaði er ekki stór en helsti vísir að hlutdeild aðila á slíkum markaði fyrir utan hlutdeild í fiskmörkuðum er líklega úthlutað aflamark aðila. Erfitt er að mæla innanlandsneyslu á fisk eða einhvern innanlandsmarkað í heild.⁴⁹ Samkvæmt mælingum Hagstofu er innanlandsneysla á sjávarafurðum alls 4.191 tonn á árinu 2022.⁵⁰ Eins og greinir að ofan nemur sala IFS á afurðum ætluðum til innanlandsneyslu alls um 87 tonnum eða um 2 %. Sambærileg sala hjá Samherja til innanlandsneyslu er um 249 tonn eða tæplega 6 %. Hjá Vísi og SVN nemur salan alls 75 tonnum eða 1,8 % af innanlandsneyslu.

(129) Þannig eru samkeppnisaðilar á innanlandsmarkaði í raun allar útgerðir á Íslandi, litlar sem stórar.⁵¹ Kaup SVN á helmingshlut í IFS hefur að mati samrunaaðila engin áhrif á þann markað enda engar breytingar fyrirhugaðar hvað varðar sölu innanlands.

7.3 **Veiðar og vinnsla sjávarafurða á Íslandi**

7.3.1 **Botnfiskveiðar og vinnsla**

7.3.1.1 Botnfiskveiðar

(130) Samrunaaðilarnir Samherji og SVN gera báðir út skip til botnfiskveiða.

(131) SVN á og rekur bolfiskveiðiskipin Blæng NK og Gullver NS, en auk þess eiga dótturfélögin Bergur-Huginn ehf. og Bergur ehf. sitthvort bolfiskveiðiskipið, þ.e. Vestmannaey VE og Berg VE. Dótturfélagið Vísir ehf. á svo og rekur bolfiskveiðiskipin Pál Jónsson GK 7 (línuskip), Jóhönnu Gísladóttur GK (togari), Sighvat GK (línuskip),

⁴⁸ Stærstu kaupendur eru Norðanfiskur ehf., Múlaþing, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Fjarðaveitingar og Fjarðabyggð.

⁴⁹ <https://www.bbl.is/skodon/a-faglegum-notum/godsognin-um-fiskat-islendinga>

⁵⁰ https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir_sjavarutvegur_aflatolur_radsfun_afla_vinnsla/SJA09111.px/table/tableViewLayout2/

⁵¹ <https://island.is/v/gagnasidur-fiskistofu/fiskveidiaramot?pageName=ReportSection29bec4ad9da9a5835892>

Fjölmi GK (línuskip) og bátanna Sævík GK og Daðey GK sem veiða í krókaafلامarsskerfinu.

- (132) Samherji Ísland ehf. og Útgerðarfélag Akureyringa ehf. eiga og reka bolfiskveiðiskip. Þannig á Útgerðarfélag Akureyringa ehf. skipin Kaldbak og Harðbak en Samherji Ísland á skipin Björgu, Björgúlf, Björgvin, Oddeyrina og Snæfell.
- (133) Til þess að áætla markaðshlutdeild samrunaaðila í botnfiskveiðum verður miðað við úthlutaða hlutdeild í hverri tegund samkvæmt aflahlutdeildarlista Fiskistofu, en að mati samrunaaðila gefur það gleggstu myndina af markaðshlutdeild samrunaaðila.
- (134) Eins og farið var yfir í lið 76 er á vef fiskistofu að finna yfirlit yfir heildarúthlutuð þorskígildi í byrjun fiskveiðisárs þann 1. september sl.⁵² Eru 10 stærstu fyrirtækin með eftirfarandi hætti (að teknu tilliti til samstæðutengsla):

1 SVN (samstæða)	10,77 %
2 Brim hf.	10,44 %
3 Samherji Ísland ehf./ÚA	8,56 %
4 Ísfélag hf.	7 %
5 Fisk-Seafood ehf. ⁵³	6,47 %
6 Vinnslustöðin ehf. ⁵⁴	5,62 %
7 Skinney-Þinganes	4,55 %
8 Nesfiskur ehf.	3,50 %
9 Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.	3,28 %
10 Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf.	3,20 %

- (135) Ofangreindur listi miðar við heildarúthlutun við upphaf fiskveiðisáramóta en ef einungis er miðað við aflahlutdeild í botnfisktegundum, er staðan eftirfarandi:

	Aflaheimildir í Bolfisk fiskveiðisárið 2023/2024					
	Aflamark í bolfisk	Krókaflamark	bolfiskur með krókaflamark		Hlutfall í bolfiskaflamark	Hlutfall í bolfisk samtals
Síldarvinnslan	32.411	1.775	34.186		10,0%	10,5%
Samherji Ísland	27.165		27.165		8,4%	8,4%
			Áætlaðar aflahlutdeildir annara félaga			
Brim	34.161	1.989	36.150		10,5%	11,2%
Ísfélagið	21.868	936	22.804		6,7%	7,0%
Fisk Seafood	23.535	1.716	25.250		7,3%	7,8%
Útgerðarfélag Reykjavíkur	11.056		11.056		3,4%	3,4%
Vinnslustöðin	13.307		13.307		4,1%	4,1%
Þorbjörn	18.341		18.341		5,7%	5,7%
Skinney Þinganes	12.979	1.599	14.578		4,0%	4,5%
Samtals úthlutuð þorskígildi í bolfisk	324.140		324.140			

- (136) Í ofangreindri töflu eru uppsjávartegundir teknar frá og einnig bætt við krókaaflahlutdeild.
- (137) Eins og sést nemur markaðshlutdeild SVN samkvæmt þessu 10,5 % en Samherja 8,4 %. Aðilar telja eins og áður segir að viðskiptin hafi engin áhrif á veiðar á botnfiski.

⁵² <https://island.is/v/gagnasidur-fiskistofu/fiskveiðisaramot?pageName=ReportSection29bec4ad9da9a5835892>.

⁵³ Að meðtalinni hlutdeild Soffanías Cecilssonar ehf.

⁵⁴ Að meðtalinni hlutdeild Hugins ehf. og Ós ehf.

7.3.1.2 Markaðshlutdeild á markaðnum fyrir botnfiskafla til vinnslu

- (138) Síldarvinnslan hf. starfrækir fiskvinnslu í Neskaupstað og á Seyðisfirði en botnfiskhráefni er að mestu selt til vinnslu á Seyðisfirði en einnig til vinnslu í eigu þriðja aðila. Þá gerir Síldarvinnslan út frystitogarann Blæng NK sem vinnur og frystir aflann um borð. Vísir ehf. starfrækir botnfiskvinnslu og saltfiskvinnslu í Grindavík. Samherji á og rekur botnfiskvinnslur á Akureyri og Dalvík
- (139) Í töflunni hér að neðan má sjá markaðshlutdeild samrunaaðila og annarra helstu aðila er varðar botnfiskafla til vinnslu. Undir markaðinn fellur bæði ráðstöfun til eigin vinnslu og hins vegar hráefni sem er selt til vinnslu í eigu þriðja aðila.⁵⁵ Upplýsingar um heildarmarkaðinn eru fengnar af vef Hagstofu en upplýsingar um ráðstöfun hvers samrunaaðila eru fengnar úr bókhaldi aðila. Hlutdeild samrunaaðila er nokkuð nákvæm en hlutdeild annarra aðila er áætluð enda vantar gögn frá þeim aðilum til að meta það með nákvæmari hætti.

Markaðshlutdeild á markaðnum fyrir botnfiskafla til vinnslu							
	2020		2021		2022		
	Tonn	% af heild	Tonn	% af heild	Tonn	% af heild	
Lögaðilar							
SVN og dótturfélög	25.564	9,48%	25.623	9,10%	24.484	9,47%	
Samherji og ÚA	23.854	8,85%	24.143	8,58%	27.327	10,57%	
Samtals skv. Hagstofu	269.552		281.550		258.601		
Samtals hlutdeild efti	49.418	18,33%	49.766	17,68%	51.811	20,04%	
Áætluð hlutdeild annara aðila á sama markaði							
Brim Hf	18.629	6,91%	23.870	8,48%	22.544	8,72%	
FISK seafood	15.281	5,67%	15.325	5,44%	14.439	5,58%	
Þorbjörn	6.418	2,38%	7.657	2,72%	6.323	2,45%	

- (140) Síldarvinnslan selur hráefni aðallega til eigin vinnslu hjá Vísí í Grindavík og á Seyðisfirði en einnig til þriðja aðila. Eins og sést nemur markaðshlutdeild SVN samkvæmt þessu 9,47 % árið 2022 en Samherja 10,57 %.
- (141) Varðandi hráefnisöflun Samherja í fiskvinnslur félagsins vísast til eftirfarandi töflu:

⁵⁵https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir_sjavarutvegur_aflatolur_londunartegundir/SJA_09031.px/table/tableViewLayout1/?rxid=df01aaca-8f87-4bb3-94ad-ccbb79cec75c

Afli inn í hús hjá Samherja						
Uppruni	2020		2021		2022	
Samherji	15.521	47%	14.891	44%	17.411	50%
ÚA	8.232	25%	8.745	26%	8.196	23%
Markaður	3.581	11%	5.318	16%	4.357	12%
Bergur Huginn	2.269	7%	2.404	7%	1.931	6%
DFFU	1.651	5%	1.633	5%	1.621	5%
SVN	1.299	4%	697	2%	1.482	4%
Aðrir	131	0%		0%	75	0%
Vísir			39	0%	19	0%
Noregur			40	0%		0%
Samtals	32.684		33.767		35.092	

(142) Varðandi hráefnisöflun SVN vísast til eftirfarandi töflu:

Innkaup á Bolfiskhráefni til Síldarvinnslunar hf og Vísis ehf						
	2020		2021		2022	
	Magn (tonn) %		Magn (tonn) %		Magn (tonn) %	
Eigin skip	19.318	88%	19.710	94%	18.427	95%
Aðrir innlendi	485	2%	133	1%	195	1%
Markaðskaup	2.222	10%	1.073	5%	863	4%
Samtals	22.024	100%	20.916	100%	19.485	100%

(143) Eins og greinir að ofan kemur hráefni í vinnslur aðila að langmestu leyti frá eigin skipum. Aðilar telja eins og áður segir að viðskiptin hafi engin áhrif á markaðnum fyrir botnfiskafla til vinnslu.

7.3.2 Uppsjávarveiðar og vinnsla

7.3.2.1 Uppsjávarveiðar

(144) SVN á og rekur fjögur uppsjávarveiðiskip, þ.e. Beiti NK, Börk NK, Barða NK og Bjarna Ólafsson AK. Samherji á og rekur tvö uppsjávarskip, þ.e. Vilhelm Þorsteinsson EA og Margréti EA.

(145) Til þess að áætla markaðshlutdeild samrunaaðila í uppsjávarveiðum verður miðað við úthlutaða hlutdeild í hverri tegund samkvæmt aflahlutdeildarlista Fiskistofu auk aflahlutdeildar í deilistofnum 2023 en úthlutun úr deilistofnum fer fram við áramót. Samkvæmt því er aflahlutdeild í uppsjávartegundum með eftirfarandi hætti:

Aflaheimildir í uppsjávarfiski fiskveiðirárið 2023/2024 og deilistofnum 2023		
	Aflamark	Hlutfall
Síldarvinnslan	13.767	20,8%
Samherji Ísland	6.728	10,2%
Brim	11.378	17,2%
Ísfélagið	7.882	11,9%
Fisk Seafood	350	0,5%
Vinnslustöðin	7.444	11,2%
Skinney Þinganes	4.813	7,3%
Samtals úthlutuð þorskígildi í uppsjávarfiski	66.223	

(146) Samkvæmt ofangreindu nemur hlutdeild SVN um 20,8 % en Samherja um 10,2 %.

7.3.2.2 Uppsjávarvinnsla

(147) SVN rekur uppsjávarvinnslu og frystihús í Neskaupstað. Jafnframt rekur SVN fiskimjölsverksmiðjur, í Neskaupstað og á Seyðisfirði. Samherji er ekki með neina uppsjávarvinnslu.

(148) Til þess að áætla heildarstærð markaðarins er varðar uppsjávarfisk sem fer í vinnslur eða er sjófryst þarf að athuga hvernig er staðið að löndunum í uppsjávarfiski og hversu mikið fer til vinnslu innanlands eða er sjófryst.

(149) Heildarstærð markaðarins uppsjávarafli til vinnslu innanlands er með eftirfarandi hætti:⁵⁶

			2020	2021	2022
			Alls	Alls	Alls
Allar fisktegundir	Til vinnslu innanlands	Aflamagn (tonn)	768.910	908.797	1.201.585
		Verðmæti (1000 kr)	80.735.840	94.666.187	117.032.313

(150) Hráfnisöflun í uppsjávarvinnslu SVN er með eftirfarandi hætti:

Innkaup á uppsjávarhráefni til Síldarvinnslunnar hf						
	2020		2021		2022	
	Magn (tonn)	%	Magn (tonn)	%	Magn (tonn)	%
Eigin skip	117.416	76%	140.529	74%	187.651	60%
Aðrir innlendir	37.335	24%	44.782	23%	95.374	31%
Erlendir aðilar	413	0%	5.419	3%	27.896	9%
Samtals	155.164	100%	190.729	100%	310.921	100%

⁵⁶https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir_sjavarutvegur_aflatolur_londunartegundir/SJA_09031.px/table/tableViewLayout2/

- (151) Eins og sjá má hér að ofan er hráefnisöflun fiskiðjuvers Síldarvinnslunnar mestmegnis af eigin skipum. Samkvæmt ofangreindu nemur hlutdeild SVN í heildarvinnslu uppsjávarafurða árið 2022 tæpum 26 %.
- (152) Til upplýsinga er hér yfirlit yfir landanir uppsjávarskipa Samherja:
[...]
- (153) Eins og sést á ofangreindri töflu landar Samherji [] tonnum af uppsjávarafurðum inn til SVN á árinu 2022 sem nemur um [] % af heildarvinnslu SVN.
- (154) Samrunaaðilar telja umrædd viðskipti um hluti í IFS hafa engin áhrif á umræddan markað.

7.4 Eðli og umfang lóðréttrar samþættingar

- (155) Eins og áður greinir telja aðilar að um sé að ræða lóðréttan samruna þar sem IFS starfar við sölu og markaðssetningu þeirra afurða sem bæði Samherji og SVN framleiða, þ.e. íslenskar sjávarafurðir. Samþætting í rekstri Samherja er þegar töluverð, þ.e. veiði, vinnsla og sala fer að miklu leyti fram innan samstæðunnar. Í tilfalli SVN er samþætting til staðar hvað veiði og vinnsla varðar, en eins og fram kemur í fyrri umfjöllun fer lítil hluti sölu afurða félagsins fram í gegnum félagið sjálf, en þar er fyrst og fremst um sölu á mjöli og lýsi að ræða.
- (156) Afleiðing samrunans að því er varðar lóðréttu samþættingu er fyrst og fremst sú að SVN kemur til með að njóta áhrif aukinnar samþættingar að því er varðar sölu afurða sinna, en staða Samherja helst að þessu leyti óbreytt, enda er IFS fyrir samrunann í fullri eigu Samherja. Áhrif samþættingarinnar þarf þó að skoða í því ljósi að sala SVN fer nú þegar að verulegu leyti fram í gegnum IFS, sem þýðir að áhrif á markaðinn í heild sinni eru minni en ella, s.s. ef SVN hefði farið þá leið að kaupa hlut í dreifingarfélagi sem það hafði ekki áður átt í viðskiptum við.
- (157) Þá vísast til umfjöllunar í liðum 83-86 að því er varðar lóðréttu samþættingu annarra fyrirtækja er starfa á sama markaði og samrunaaðilar, en aðilar telja ljóst, með hliðsjón af umræddri umfjöllun, að lóðrétt samþætting sé töluverð meðal keppinauta þeirra á markaðinum.

7.5 Sundurliðun á heildartekjum

7.5.1 IFS

- (158) Heildartekjur IFS árið 2022 voru, samkvæmt ársreikningi félagsins, sbr. **fskj. 8**, eftirfarandi (fjárhæðir í þúsundum evra):

	Skýr.	2022
Rekstrartekjur		
Vörusala		337.446
Aðrar rekstrartekjur		240
		337.686

- (159) Um frekari sundurliðun heildartekna IFS fyrir árið 2022 vísast til umfjöllunar um samstæðureikning Samherja, sbr. **fskj. 22**, undir grein 6.6.3 hér að neðan.

7.5.2 SVN

- (160) Heildartekjur SVN árið 2022 voru, samkvæmt ársreikningi félagsins, sbr. **fskj. 23**, eftirfarandi (fjárhæðir í bandarískum dollurum):

	Skýringar	2022
Rekstrartekjur		
Seldar vörur		267.763.680
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna		0
		267.763.680

- (161) Í samstæðureikningi SVN fyrir árið 2022, sbr. **fskj. 6**, má svo finna frekari sundurliðun á tekjum samstæðunnar, sbr. eftirfarandi (fjárhæðir í bandarískum dollurum):

3. Starfspáttayfirlit

Rekstrarstarfspáttir eru skilgreindir í samræmi við eðli rekstrar og innri skýrslugjöf samstæðunnar. Samstæðan skilgreinir hjá sér tvo starfspátti, *Útgerð* og *Landvinnsla*. Aðrir starfspáttir falla undir liðinn *Annað*.

	Útgerð	Landvinnsla	Annað	Eigin affli	Jöfnunar- færslur	Samtals
2022						
Seldar vörur	132.797.012	243.317.929	27.541.206	(72.121.123)	(21.436.961)	310.098.063
Hagnaður af af sölu eigna	0	0	15.237	0	0	15.237

3. Starfspáttayfirlit (framhald)

1) Útgerð. Til tekna hjá útgerð teljast fyrst og fremst aflatekjur en kostnaður útgerðar felst aðallega í rekstri fiskiskipa að meðtöldum veiðarfærum, aflahlutum sjómanna og launatengdum gjöldum og veiðigjöldum.

2) Landvinnsla. Til tekna hjá landvinnslu teljast fyrst og fremst seldar afurðir en til kostnaðar eigin affli sem landað er úr skipum samstæðunnar ásamt öðru keyptu hráefni til landvinnslunnar svo og laun og launatengd gjöld og kostnaður við rekstur og viðhald framleiðslutækja.

3) Aðrir starfspáttir. Önnur starfsemi félaga innan samstæðunnar, sem ekki er sérstaklega skilgreind sem útgerð eða landvinnsla fellur undir liðinn annað. Meðtalið í þessum lið er starfsemi Fóðurverksmiðjunnar Laxár ehf. ásamt stjórnunar og rekstrarkostnaði sem ekki er heimfærður á áðurgreinda starfspátti.

4. Seldar vörur

Samstæðan selur afurðir sínar að mestum hluta til vestur- og austur Evrópu. Tilteknar afurðir eru seldar til Asíu og Ameríku, en óverulegur hluti fer til annarra heimssvæða. Landssvæðaskipting greinist þannig árin 2022 og 2021.

	Vestur- evrópa	Austur- evrópa	Asía	Ameríka	Samtals
2022					
Seldar vörur	247.416.587	32.914.744	23.216.209	6.550.523	310.098.063

7.5.3 Samherji

- (162) Heildartekjur samstæðu Samherja árið 2022 voru, samkvæmt samstæðureikningi félagsins, sbr. **fskj. 22**, eftirfarandi (fjárhæðir í þúsundum evra):

	Skýr.	2022
Seldar vörur	3	380.463
Kostnaðarverð seldra vara	4	(298.398)
Vergur hagnaður		82.065
Aðrar rekstrartekjur	5	14.179
Annar rekstrarkostnaður	6	(26.322)

(163) Í umræddum samstæðureikningi má svo finna frekari sundurliðun á tekjum samstæðunnar, sbr. eftirfarandi (fjárhæðir í þúsundum evra):

3. Seldar vörur

Seldar vörur greinast þannig:	2022
Botnfiskur	183.746
Uppsjávarfiskur	33.308
Fiskeldi	31.620
Selt til Ice Fresh	(205.657)
Ice Fresh	337.446
	<u>380.463</u>

5. Aðrar rekstrartekjur

Aðrar rekstrartekjur greinist þannig:	2022
Kvótaleiga	459
Slippurinn	10.003
Frystigeymsla í Færeyjum	1.356
Ýmis önnur þjónusta og leigutekjur	2.361
	<u>14.179</u>

7. Starfsþáttayfirlit

2022	Botnfiskur	Uppsjávarfiskur	Fiskeldi	Ice Fresh	Annað	Samtals samstæða
Ytri sala	9.472	33.308	351	337.332	0	380.463
Innri sala	174.274	0	31.269	114	0	205.657
	<u>183.746</u>	<u>33.308</u>	<u>31.620</u>	<u>337.446</u>	<u>0</u>	

7.6 Helstu kostnaðarliðir og kostnaðaruppbygging samrunaaðila

7.6.1 IFS

(164) Helstu kostnaðarliðir IFS eru með eftirfarandi hætti, líkt og fram kemur í ársreikningi IFS, sbr. **fskj. 8** (fjárhæðir í þúsundum evra):

Rekstrargjöld

Vörunotkun		(333.596)
Laun og annar starfsmannakostnaður	3	(2.159)
Niðurfærsla viðskiptakrafna	6	(1.569)
Annar rekstrarkostnaður		(1.625)
		<u>(338.950)</u>

- (165) Að öðru leyti en að framan greinir vísast til samstæðureiknings Samherja, sbr. **fskj. 22**, hvað varðar helstu kostnaðarliði og kostnaðaruppbyggingu IFS.

7.6.2 SVN

- (166) Helstu kostnaðarliðir SVN fyrir árið 2022 eru með eftirfarandi hætti, líkt og fram kemur í ársreikningi SVN, sbr. **fskj. 23** (fjárhæðir í bandarískum dollurum):

Rekstrargjöld		
Kostnaðarverð seldra vara		112.954.323
Laun, aflahlutir og annar starfsmannakostnaður	3	52.313.771
Annar rekstrarkostnaður	4	7.325.277
		<u>172.593.371</u>

4. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig: 2022

Sérfræðipjónusta	2.613.665
Rekstur tölvukerfis	552.298
Ferðakostnaður, félagsgjöld, styrkir o.fl.	1.553.703
Skrifstofukostnaður	273.918
Breyting niðurfærslu viðskiptakrafna	1.249.212
Ýmis annar kostnaður	1.082.481
	<u>7.325.277</u>

- (167) Í samstæðureikningi SVN fyrir árið 2022, sbr. **fskj. 6**, koma aukinheldur fram eftirfarandi upplýsingar um kostnaðarverð seldra vara og skiptingu þeirra milli starfspátta (fjárhæðir í bandarískum dollurum):

3. Starfspáttayfirlit

Rekstrarstarfspáttir eru skilgreindir í samræmi við eðli rekstrar og innri skýrslugjöf samstæðunnar. Samstæðan skilgreinir hjá sér tvo starfspátti, *Útgerð* og *Landvinnsla*. Aðrir starfspáttir falla undir liðinn *Annað*.

2022	Útgerð	Landvinnsla	Annað	Eigin afli	Jöfnunar- færslur	Samtals
Seldar vörur	132.797.012	243.317.929	27.541.206	(72.121.123)	(21.436.961)	310.098.063
Hagnaður af af sölu eigna	0	0	15.237	0	0	15.237
Kostnaðarverð seldra vara	47.958.083	152.525.453	25.087.434	(72.121.123)	(21.434.319)	132.015.528
Laun, aflahlutir og annar starfsm.kostn.	43.332.678	17.162.724	4.333.787	0	0	64.829.189
Annar rekstrarkostn.	1.606.693	2.819.888	4.210.326	0	(2.642)	8.634.264

7.6.3 Samherji

- (168) Um rekstrarkostnað samstæðu Samherja á árinu 2022 segir m.a. eftirfarandi í samstæðureikningi, sbr. **fskj. 22** (fjárhæðir í þúsundum evra):

	Skýr.	2022
Seldar vörur	3	380.463
Kostnaðarverð seldra vara	4	(298.398)
Vergur hagnaður		82.065
Aðrar rekstrartekjur	5	14.179
Annar rekstrarkostnaður	6	(26.322)
6. Laun og launatengd gjöld		
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		2022
Laun		63.720
Lífeyrissjóðisgjöld		6.986
Önnur launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		9.285
		<u>79.990</u>
Laun og launatengd gjöld skiptast þannig á rekstrarliði:		2022
Kostnaðarverð seldra vara		65.695
Annar rekstrarkostnaður		14.295
Laun og launatengd gjöld samtals		<u>79.990</u>
Laun og launatengd gjöld skiptast þannig á starfspætti:		2022
Kostnaðarverð seldra vara		65.695
Annar rekstrarkostnaður		81.970
Laun og launatengd gjöld samtals		<u>147.665</u>
Laun og hlunnindi stjórnar, undirnefnda stjórnar, forstjóra og sex framkvæmdastjóra sem störfuðu fyrir félag í samstæðunni		1.511
Fjöldi starfsmanna að meðaltali		686

(169) Í umræddum samstæðureikningi koma aukin heldur fram eftirfarandi upplýsinga um kostnaðarverð seldra vara o.fl. (fjárhæðir í þúsundum evra):

4. Kostnaðarverð seldra vara		2022
Kostnaðarverð seldra vara greinist þannig:		
Botnfiskur		127.448
Uppsjávarfiskur		18.144
Fiskeldi		26.625
Selt til Ice Fresh		(205.544)
Innri kostnaður		(7.111)
Ice Fresh		338.836
		<u>298.398</u>

4. **Kostnaðarverð seldra vara (frh.)**

Kostnaðarverð seldra vara botnfisks greinist þannig:	2022
Launakostnaður útgerðar	20.262
Annar rekstur botnfiskútgerðar	24.225
Veiðigjald	3.729
Launakostnaður vinnslu	26.099
Annar framleiðslukostnaður og vörukaup	53.133
	127.448
 Kostnaðarverð seldra vara uppsjávarútgerðar greinist þannig:	 2022
Launakostnaður	9.230
Annar rekstur uppsjávarútgerðar	7.569
Veiðigjald	1.344
	18.144

8 **Almenn skilyrði á mörkuðum þar sem áhrifa gætir**8.1 **Fimm stærstu birgjar**

(170) IFS selur eins og áður segir langmest fyrir móðurfélagið Samherja en skipting stærstu söluaðila er með eftirfarandi hætti:

5 stærstu birgjar IFS 2022	EUR	% af heild
Samherji hf	205.034.235	59,4%
Síldarvinnslan	82.115.146	23,8%
Deutsche Fischfang-Union GmbH & Co.	16.060.817	4,7%
Eimskip	11.579.785	3,4%
Framherji APS	6.343.370	1,8%

(171) Fimm stærstu birgjar Samherja eru eftirfarandi:

5 stærstu birgjar Samherja 2022	EUR	% af heild
Síldarvinnslan	18.649.703	10,2%
Reiknistofa fiskmarkaða hf	11.597.801	6,3%
Olíuverslun Íslands ehf.	10.964.969	6,0%
G og K Seafood ehf	6.292.880	3,4%
Orskov Yard a/s	5.887.550	3,2%

(172) Fimm stærstu sjálfstæðu birgjar SVN voru eftirfarandi árið 2022:


fimm stærstu birgjar SVN	USD	% af heild
Samherji Ísland ehf.	28.148.839	11%
Skinney-Þinganes hf. mjöl/lýsi	24.392.273	9%
Olís ehf.	19.476.090	7%
Polar Pelagic A/S	9.657.904	4%
Gjögur hf.	7.980.544	3%

- (173) Varðandi birgja Samherja og SVN vísast einnig til yfirlits um hráefnisöflun í köflum 6.4.1 og 6.4.2.

8.1.1 Hvernig er framboði háttað á mörkuðum

- (174) Í sjávarútvegi geta virðiskeðjur verið mjög flóknar. Einföldustu keðjurnar er að öllum líkindum þannig að afli er seldur á löndunarstað beint til endanlegra notenda. En oftast eru virðiskeðjur sjávarútvegs töluvert flóknar. Nánast allar sjávarafurðir hér á landi eru fluttar til útlanda. Á myndinni hér að neðan má sjá að virðiskeðja eða dreifikerfi sjávarafurða getur verið töluvert flókin.

Hvernig virðiskeðjur í sjávarútvegi getur litið út er varðar afurðir sem fluttar eru til útlanda.



- (175) Eins og sjá má á myndinni er landaður afli ýmist seldur á innlenda fiskmarkaði eða til innlendra fiskvinnslufyrirtækja. Fiskvinnslufyrirtækin geta þó verið lóðrétt samþætt við fyrirtæki sem veiðir afla. Innlend fiskvinnslufyrirtæki kaupa einnig afla af íslenskum fiskmörkuðum. Þegar búið er að vinna aflann í fiskvinnslu eru afurðirnar seldar til svokallaðra útflutningsfyrirtækja eða sölufyrirtækja. Slík fyrirtæki eru annað hvort sjálfstæðar einingar eða deildir í samþættu fyrirtæki. Útflutningsfyrirtækin selja afurðirnar áfram til frekari vinnslu erlendis, heildsala, smásala eða til erlendra veitingahúsa. Í sumum tilvikum berst aflinn þó beint frá fyrirtækinu sem veiðir fiskinn til erlendra fiskmarkaða. Það er mjög erfitt að meta hver algengasta dreifileiðin er hjá íslenskum fyrirtækjum. Þó má ætla að flest sjávarútvegsfyrirtæki hér á landi notist við útflutningsfyrirtæki.
- (176) Afurðir sem seldar eru af hálfu IFS fara beint frá framleiðendum, ýmist með sjóflutningum eða fraktflugi. Ef um fraktflug er að ræða eru afurðir fluttar til Keflavíkur með landflutningum eða sjóflutningum innanlands.

8.2 Tíu stærstu viðskiptavinir

8.2.1 IFS

- (177) Tíu stærstu viðskiptavinir IFS eru eftirtaldir aðilar:

[...]

8.2.2 Samherji

(178) Tíu stærstu viðskiptavinir Samherja eru eftirtaldir aðilar:

[...]

(179) Stærstu viðskiptavinir Samherja í bolfiskafurðum eru eftirtaldir aðilar:

[...]

(180) Stærstu viðskiptavinir Samherja í uppsjávarafurðum eru eftirtaldir aðilar:

[...]

8.2.3 SVN

(181) Varðandi stærstu viðskiptavini SVN vísast til **fskj. 17**.

8.3 Eftirspurn á mörkuðum

8.3.1 Þróun markaðarins

(182) Að mati samrunaaðila eru engin einkenni fákeppni til staðar á neinum mörkuðum sem fjallað hefur verið um hér að framan eða nein önnur markaðseinkenni sem gætu réttlætt íhlutun SE. Á þeim mörkuðum sem samrunaaðilar telja að samruni þessi hafi áhrif á, þ.e. sala og markaðssetning á íslenskum sjávarafurðum, bæði hérlendis og erlendis, er ljóst að töluverð samkeppni ríkir. Almennt verður að telja að best sé að líta til markaðsstöðu sjávarútvegsfyrirtækja eftir úthlutuðu aflamarki í þorskígildum en auk þess vísast til veltu sölufyrirtækja eins og áður greinir.

(183) Gríðarlega erfitt er að spá fyrir um eftirspurn á íslenskum sjávarafurðum á erlendum mörkuðum en eftirspurn getur verið sveiflukennd og viðskipti á erlenda markaði er há efnahagslegum þáttum jafnt sem pólitískum.⁵⁷ Varðandi eftirspurn á innlendan markað er nánast útilokað að segja til um þróun þar en helst er hægt að vísa til talna Hagstofunnar um innanlandsneyslu. Almennt er talið að fiskneysla fari minnkandi á Íslandi.

8.4 Markaðsaðgangur

(184) Hvað varðar innkomu nýrra aðila á markað fyrir sölu og markaðssetningu á íslenskum sjávarafurðum er ljóst að mikill fjöldi aðila starfar á þeim markaði, bæði erlendir aðilar og hérlendir. Dæmi eru um lítil fyrirtæki sem eru með litla sem enga yfirbyggingu sem starfa við sölu og markaðssetningu á íslenskum sjávarafurðum. Þannig verður að telja að aðgengi að slíkri markaðs – og sölustarfsemi sé gott og aðgangshindranir fáar. Vísast til umfjöllunar hvað þetta varðar til kafla 6.2.

(185) Varðandi markaði fyrir veiðar og vinnslu íslenskra sjávarafurða liggur fyrir að í því fiskveiðistjórnunarkerfi sem er í gildi hér á landi eru aflaheimildir framseljanlegar, og hefur framsal verið heimilt um langt árabíl. Öllum Íslendingum sem eiga skip með gilt veiðileyfi er frjálst að kaupa aflaheimildir, sbr. lög nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða. Þannig er möguleiki fyrir nýja aðila að stofna til atvinnurekstrar við útgerð. Í þessu

⁵⁷ Sjá Staða og horfur í íslenskum sjávarútvegi og fiskeldi, bls. 174 og áfram.

samhengi má nefna að flestar varanlegar aflaheimildir í þeim fisktegundum sem upphaflega voru kvótasettar, hafa verið keyptar eða skipt um hendur.⁵⁸ Jafnframt er öllum opið að bjóða í hráefni. Þannig er frjáls markaður bæði fyrir hráefni á mörkuðum og fyrir aflaheimildir á Íslandi.

- (186) Í 4. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 kemur fram að til þess að stunda fiskveiðar á Íslandi þurfi almenn veiðileyfi. Almenn veiðileyfi eru tvenns konar, þ.e. veiðileyfi með aflamarki og veiðileyfi með krókaaflamarki. Á sama fiskveiðiári getur skip aðeins haft eina gerð veiðileyfis. Veiðileyfi í atvinnuskyni fellur niður hafi fiskiskipi ekki verið haldið til fiskveiða í atvinnuskyni í tólf mánuði. Til frekari útskýringa um leyfisveitingu stjórnvalda er bent á lög nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða.
- (187) Nýjum aðilum hefur ekki tekist að hasla sér völl svo um munar á markaði fyrir veiðar eða vinnslu síðastliðin fimm ár. Hins vegar hafa aflaheimildir skipt um hendur í einhverju mæli. Ástæðan fyrir því að nýir aðilar hafa ekki haslað sér völl í veiðum og vinnslu er aðallega sú að fiskveiðistjórnunarkerfið kveður á um kvótakerfi um takmarkaða auðlind. Í dag er staðan sú að afkastageta er langt umfram það sem þarf til að vinna þann kvóta sem við höfum aðgang að. Þannig er stærðarhagkvæmni mikilvæg á þeim mörkuðum sem áhrifa gætir.
- (188) Samrunaaðilar hafa engin gögn eða rannsóknir sem sýna heildarkostnað er fylgir því að hasla sér völl á þessum markaði. Það liggur þó fyrir að upphafskostnaður fyrir útgerð og fiskvinnslu er töluverður. Í því samhengi þurfa útgerðir að vera með aflaheimildir, skip, veiðarfæri, starfsmenn með þekkingu á fiskveiði o.s.frv.
- (189) Nýjar útgerðir þurfa hins vegar ekki að setja á stofn dreifikerfi því samkeppni milli dreifingaraðila og söluaðila er talsverð og aðgengi að þeim auðvelt. Það er nánast ómögulegt að upplýsa um kostnað sem nýr aðili stæði frammi fyrir á markaðinum.
- (190) Í dag er í gildi fiskveiðistjórnunarkerfi sem gerir það að verkum að útilokað er fyrir erlendra aðila að hasla sér völl á markaðinum. Í 4. gr. laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri nr. 34/1991 kemur fram hverjir mega stunda fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands eða eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða hér á landi.

8.5 Rannsóknir og þróun

- (191) Starfsemi IFS eða sölufélaga er í grunninn ekki tæknilega flókin starfsemi og hafa nýjungar og tækniþróun takmarkað vægi hvað þá starfsemi varðar.
- (192) Varðandi rekstur sjávarútvegsfyrirtækja eins og Samherja og SVN er ljóst að rannsóknir og þróun skipta miklu máli. Um rannsóknar og þróunarverkefni SVN vísast til samfélagsskýrslu félagsins fyrir árið 2022.⁵⁹ Um rannsóknar og þróunarverkefni í sjávarútvegi vísast einnig til ritsins Staða og horfur í íslenskum sjávarútvegi og fiskeldi.⁶⁰

⁵⁸ Sjá ákvörðun SE nr. 28/2012, bls. 12.

⁵⁹ Sjá Samfélagsskýrslu SVN 2022, bls. 46 – 50, <https://svn.is/fjarfestar/samfelagsabyrgd/>

⁶⁰ Sjá Staða og horfur í íslenskum sjávarútvegi, bls. 63-85 og 105-131,

- (193) Samrunaaðilar hafa ekki gert neina samninga við aðra aðila á mörkuðum um rannsóknir og þróun, nytjaleyfi, sameiginlega framleiðslu/þjónustu, sérhæfingu, dreifingu eða upplýsingaskipti.

8.6 Atvinnugreinasamtök

- (194) Bæði Samherji og SVN eru aðildarfélagar að SFS, Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi. SVN er einnig aðildarfélag FÍF, Félags íslenskra fiskimjölsframleiðenda. Að öðru leyti er ekki um ræða aðild að atvinnugreinarsamtökum.

9 Áhrif á neytendur og milliliði

- (195) Eins og fram kemur hér að framan hefur töluverður hluti af afurðum SVN verið seldur í gegnum IFS um árabil. Vísast um þetta einnig til umfjöllunar í fyrri samrunatilkynningum SVN, síðast með tilkynningu vegna kaupa á hlutabréfum í Vísi hf. (sjá ákvörðun nr. 28/2022). Fyrirhuguð kaup Síldarvinnslunnar hf. á 50 % eignarhlut í IFS breyta í raun litlu um þá markaði sem samruninn hverfist um og fjallað hefur verið um hér að framan.
- (196) Með kaupunum er SVN að eignast hlutdeild í markaðs- og sölustarfsemi afurða félagsins. Fjárfestingin er eins og áður segir að hluta til gerð með aukningu hlutafjár í IFS og verður það fjármagn meðal annars notað til að styrkja sókn IFS á erlenda markaði, meðal annars á Asíumarkað þar sem starfsemi IFS hefur ekki verið mikil. Eins og fram er komið hefur SVN sjálft séð um sölu á mjöli og lýsi til viðskiptavina en þó með aðstoð IFS. Þó að ekkert hafi verið ákveðið í þeim efnum er mögulegt að breytingar verði á sölu og markaðssetningu á mjöli og lýsi í framhaldinu þannig að slíkt fari í gegnum IFS. Samkvæmt samrunaaðilum eru ekki fyrirhugaðar neinar aðrar breytingar á sölufyrirkomulagi IFS, hvort sem er innanlands eða á erlenda markaði. Samrunaaðilar stefna þó að sjálfsgöðu að því að styrkja sókn félagsins á erlenda markaði enn frekar. Enn fremur er líklegt að einhver tilfærsla verði á milli þeirra erlendu sölufélaga sem nefnd eru í kaupsamningi aðila.
- (197) Það er mat samrunaaðila að viðskiptin hafi engin samkeppnishamlandi áhrif á markaði á Íslandi. Þar sem um gríðarlega samkeppni er að ræða á erlendum mörkuðum þar sem aðalstarfsemi IFS er og helstu markaðir eru fyrir afurðir samrunaaðila er útilokað að mati samrunaaðila að samruninn hafi einhver hamlandi áhrif á öðrum mörkuðum. Þannig verði að þau samkeppnislegu áhrif sem viðskiptin leiða af sér séu jákvæð og til þess fallin að efla samkeppni á þeim mörkuðum sem samrunaaðilar starfa á. Með samrunanum vonast samrunaaðilar til þess að IFS verði stærra og öflugra á erlendum mörkuðum og veiti þannig samkeppnisaðilum á þeim mörkuðum harðari samkeppni.
- (198) Eins og áður segir eru engar breytingar fyrirhugaðar hvað varðar sölu á afurðum innanlands, hvort sem er til fiskmarkaða eða beint til annarra innlendra aðila. Telja samrunaaðilar þannig að viðskiptin hafi engin áhrif á markaði innanlands.
- (199) Með vísan til alls framangreinds telja samrunaaðilar að viðskiptin leiði ekki til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist á viðkomandi mörkuðum og muni ekki með nokkru móti raska samkeppni. Þannig sé ekkert tilefni til íhlutunar SE.

10 Viðbótartakmarkanir

- (200) Í kaupsamningi aðila er að finna ákvæði er varðar skuldbindingu seljanda til að beina sölu á öllum afurðum samstæðu seljanda til IFS næstu 7 ár frá undirritun samnings. Helsta ástæða umræddrar skuldbindingar er sú að verðmæti IFS veltur mjög mikið á því að afurðasala samstæðu seljandans fari áfram í gegnum IFS. Kaupandi gerði því þá kröfu að skuldbinding væri inni. Umrædd skuldbinding hefur í raun ekki áhrif á markaðsgerð þar sem afurðasala samstæðu Samherja hefur öll farið í gegnum IFS og verður því ekki breyting þar á að minnsta kosti næstu 7 árin. Ekki þótti eðlilegt að SVN skuldbindi sig með sama hætti og er því ekki um að ræða skuldbindingu af hálfu SVN. Þó má nefna að í ákvæði hluthafasamkomulags er að finna ákvæði um kauprétt annars hluthafa ef afurðamagn annars hvors aðilans fer yfir 80 %. Ef afurðasala annars aðila

færi yfir slíka prósentu er líklegt að afurðasala hins aðilans fari ekki í gegnum IFS og virkjast þá umræddur kaupréttur.

11 Fylgiskjöl

(201) Eftirfarandi skjöl eru meðfylgjandi þessari samrunatilkynningu:

1. Yfirlýsing um umboð – SVN, dags. 1. nóvember 2023
2. Yfirlýsing um umboð – Samherji, dags. 1. nóvember 2023
3. Kaupsamningur, dags. 26. september 2023 [trúnaðargögn]
4. Hluthafasamkomulag, dags. 26. september 2023 [trúnaðargögn]
5. Fréttatilkynning á NASDAQ, 26. september 2023
6. Samstæðureikningur SVN fyrir árið 2022
7. Ársreikningur Samherja fyrir árið 2022
8. Ársreikningur IFS fyrir árið 2022
9. Tilkynning stjórnar SVN um viðræður um kaup á helmingshlut í IFS
10. Tilkynning stjórnar SVN um kaup á helmingshlut í IFS
11. Fundargerð stjórnar SVN, dags. 28. mars 2023 [trúnaðargögn]
12. Fundargerð stjórnar SVN, dags. 8. júní 2023 [trúnaðargögn]
13. Úrdrættir úr stjórnarfundargerðum Samherja, dags. 28. mars 2023 og 14. september 2023 [trúnaðargögn]
14. Kynningarverðmat frá Arion banka [trúnaðargögn]
15. Kynningarverðmat frá fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans [trúnaðargögn]
16. Þjónustusamningur milli IFS og SVN [trúnaðargögn]
17. Yfirlit yfir afurðasölu SVN [trúnaðargögn]
18. Yfirlit yfir afurðasölu Vísis ehf. [trúnaðargögn]
19. Yfirlit yfir afurðarsölu Samherja hf. [trúnaðargögn]
20. Velta IFS á innanlandsmarkaði 2022 [trúnaðargögn]
21. Yfirlit yfir afurðasölu IFS [trúnaðargögn]
22. Samstæðureikningur Samherja fyrir árið 2022
23. Ársreikningur SVN fyrir árið 2022
24. Ársreikningur Vísis ehf. fyrir árið 2022.
25. Framtíðarsýn IFS
26. Samrunaskrá - styttri tilkynning (Síldarvinnslan hf., Vísir)
27. Yfirlit yfir dótturfélög SVN
28. Yfirlit yfir dótturfélög Samherja
29. Bliki ehf. - ársreikningur 2022

30. Kynning á sölustarfsemi SVN (2023)
 31. Yfirlit yfir kvótafærslur – Samherji [trúnaðargögn]
 32. Yfirlit yfir kvótafærslur – SVN [trúnaðargögn]
 33. Samkomulag um samvinnu við veiðar 07.07.21 Börkur II NK
 34. Börkur NK Samkomulag um loðnuveiðar 2022
 35. Samkomulag um samvinnu við veiðar Börkur NK 2023
 36. Yfirlit veiðisamstarf [trúnaðargögn]
 37. ársreikningur MC – 2022
 38. Ársreikningar- Haustak 2022
 39. 10 stærstu viðskiptavinir og birgjar Fóðurverksmiðjunnar Laxár ehf. [trúnaðargögn]
 40. Afurðasala innanlands bolfiskafurðir – SVN [trúnaðargögn]
- (202) Loks fylgir afrit af samrunatilkynningu án trúnaðarupplýsinga og afrit af greiðslukvittunum vegna samrunagjalds.

12 Yfirlýsing

Undirritaður lýsir því yfir að upplýsingar, sem veittar eru í tilkynningu þessari, eru sannar, réttar og fullnægjandi samkvæmt bestu vitund, að óstýtt afrit af skjölum fylgja með, að allt mat er tilgreint sem slíkt og sett fram samkvæmt bestu vitund og vitneskju um staðreyndir málsins og þar sem álit er látið í ljós er það gert í góðri trú. Undirritaður hefur kynnt sér ákvæði 2. mgr. 42. gr. samkeppnislaga.

Reykjavík, 9. febrúar 2024

Virðingarfyllst,

Eyvindur Sólnes hrl.

(skv. umboðum)